

BLAÐSÍÐA 7

Kannanir VR
- Ekki gleyma þér!

BLAÐSÍÐA 11

Kjarasamninga-
viðræðum slitið

BLAÐSÍÐA 16

Kosningar til
stjórnar VR 2019

BLAÐSÍÐA 32

KLUKK
- tímaskráningarapp



7

KJARAMÁL

- 10**
Tekjusaga Íslendinga í myndum
- 11**
Kjarasamningaviðræðum slitið
- 14**
Vinnustaðaeftirlit VR
- 32**
KLUKK - tímaskráningarrapp

FÉLAGSMÁL

- 3**
Leiðari
- 4**
Fréttir
- 7**
Kannanir VR - Ekki gleyma þér!
- 8**
Hádegisfyrirlestrar VR
- 9**
Frumvarp um rýmri inntökuskilyrði í háskóla
- 30**
Trúnaðarmaðurinn – Bergdís Ingibergsdóttir
- 34**
Krossgátan
- 35**
Tilboð til félagsmanna VR

KOSNINGAR 2019

- 16**
Allsherjaratkvæðagreiðsla í VR 2019
- 17**
Úr lögum VR um kosningar
- 18**
Kynning á frambjóðendum til stjórnar VR
- 31**
Listi stjórnar og trúnaðarráðs 2019 -2021

STARFSMENNTAMÁL

- 26**
Verslunarstörf framtíðarinnar
- 27**
Hvað er starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks?
- 28**
Diplómanám í viðskiptafræði og verslunarstjórnun
- 29**
Vissir þú af leið 3?



9



28



Forsíðumynd
Hvíta húsið

VR BLAÐIÐ

1. tbl. 41. árgangur mars 2019
Hús verslunarinnar
 Kringlan 7
 103 Reykjavík
 Sími 510 1700
 vr@vr.is
 www.vr.is

Ábyrgðarmaður
Ragnar Þór Ingólfsson

Ritstjóri
Fjóra Helgadóttir

Ritstjórn
 Árdís Birgisdóttir
 Árni Leósson
 Fjóra Helgadóttir
 Ragnar Þór Ingólfsson
 Steinunn Böðvarsdóttir
 Þorsteinn Skúli Sveinsson

Umbrot og útlit
Tómas Bolli Hafþórsson

Ljósmyndir
Guðmundur Þór Kárason
og Birgir Ísleifur Gunnarsson

Prentun
Oddi

Upplag
27.170

Stjórn VR
 Ragnar Þór Ingólfsson, formaður
 Helga Ingólfssdóttir, varaformaður
 Harpa Sævarsdóttir, ritari
 Arnþór Sigurðsson
 Bjarni Þór Sigurðsson
 Dóra Magnúsdóttir
 Friðrik Boði Ólafsson
 Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir
 Ingibjörg Ósk Birgisdóttir
 Sigríður Lovísa Jónsdóttir
 Birgir Már Guðmundsson
 Elizabeth Ann Courtney
 Guðrún Björg Gunnarsdóttir
 Ólafur Reimar Gunnarsson
 Unnur María Pálmadóttir

Varamenn
 Agnes Erna Estherardóttir
 Sigmundur Halldórsson
 Sigurður Sigfússon

LÝÐRÆÐIÐ

Nú eru kosningar í VR líkt og alltaf á þessum tíma árs. Margir myndu kannski dæsa og segja: „Enn einar kosningarnar!“ En svona virkar þetta best. Að félagsmenn geti haft áhrif á það hverjir hlaupa með kyndil hagsmuna okkar næstu árin. Bæði fyrir félagsmennina sjálfa, afkomendur og samfélagið allt.



» Endurreisn verkalýðshreyfingarinnar með aukinni þátttöku félagsmanna verður ekki að veruleika á einni nóttu. «


RAGNAR ÞÓR INGÓLFSSON
FORMAÐUR VR

Ég tók þátt í mínum fyrstu kosningum í félaginu árið 2009, en þá var gerð nokkurs konar „hallarbylting“ í VR eftir að upp komst m.a. að þáverandi formaður félagsins hafði átt sæti í stjórn og lánanefnd Kaupþings banka sem endaði með einu stærsta gjaldþroti sögunnar. Tengsl verkalýðsforystunnar við fjármálakerfið vöktu mikla reiði í samfélaginu og tók hópur fólks sig til og bauð sig fram gegn sitjandi stjórn. Kosningakerfið sem þá var við lýði var mjög óaðgengilegt og flókið. Framboðslista um stjórn og formann VR, „A-lista“, var stillt upp á sérstökum fundum sem kallaðir voru nýársfundir. Þar var þröngum hópi félagsmanna VR falið að velja sér forystu en ekki var hlaupið að því að bjóða fram mótframboð eða „B-lista“. Það tókst þó árið 2009 en þá sigraði „B-listinn“ með miklum yfirburðum í allsherjaratkvæðagreiðslu í félaginu. Kosningalögum VR var breytt í kjölfarið og fer nú skipan stjórnar fram í einstaklingskjöri og geta allir fullgildir félagsmenn VR boðið sig fram til stjórnar, óháð listafyrirkomulagi. Þá eru kosningarnar rafrænar á vef VR og því mjög aðgengilegt fyrir félagsmenn að kjósa.

Töluverð gagnrýni hefur komið frá sérhagsmunaöflum um að forysta VR njóti ekki mikils trausts miðað við kosningaþátttöku sem hlutfall af heildarfjölda félagsmanna. Þ.e. að stjórnarmenn og formaður hafi takmarkað umboð þar sem einungis 20 til 30 prósent félagsmanna taki að meðaltali þátt í kosningum félagsins. Slíkar fullyrðingar eru í besta falli broslugar tilraunir til að gera lítið úr umboði okkar enda vinna flest stéttarfélög enn eftir gamla fyrirkomulaginu. Það má því spyrja á móti hversu sterkt umboð formanns og stjórnar væri ef þau væru kosin af 100 manna hópi fulltrúa sem skipaður væri af stjórninni sjálfri í 36 þúsund manna félagi. Ekki hef ég heyrt sömu raddir gagnrýna umboð annarra verkalýðsforingja og stjórna stéttarféлага sem enn skipa eftir þunglamalegum listakosningareglum. VR er leiðandi stéttarfélag á flestum sviðum. Þegar kemur að opnu félagi og lýðræði þá skerum við okkur úr.

Það segir ákveðna sögu að undirritaður er fimmti formaður félagsins á síðustu 10 árum en nú liggur fyrir að ekkert mótframboð til formanns barst og er ég því sjálfkjörinn.

Það staðfestir að full þörf er á að forysta stéttarféлага setji störf sín í dóm félagsmanna reglulega. Í tilfalli VR er það á tveggja ára fresti. Formaður félagsins er jafnframt talsmaður þess en starf formanns er að miðla þeim ákvörðunum og þeirri stefnu sem stjórnin ákveður hverju sinni. Þess vegna er svo mikilvægt að velja öfluga og virka stjórn til að leiða þau verkefni sem framundan eru.

Endurreisn verkalýðshreyfingarinnar með aukinni þátttöku félagsmanna verður ekki að veruleika á einni nóttu. Það tekur tíma að byggja upp trausta og öfluga verkalýðshreyfingu með aukinni stéttar- og samfélagsvitund. Á þeirri vegferð þarf að velja fólk til að leiða hreyfinguna til vegs og virðingar. 13 félagsmenn VR eru í framboði til 7 stjórnarsæta í stjórn VR, auk 3 varamanna, og hvet ég alla félagsmenn til að kynna sér frambjóðendur og málefni þeirra vel og síðast en ekki síst, kjósa! 

Ragnar Þór Ingólfsson
Formaður VR

NÁMS- OG STARFS- RÁÐGJÖF FYRIR FÉLAGSMENN VR

Hjá náms- og starfsráðgjafa VR er hægt að fá einstaklingsviðtöl og ráðgjöf varðandi nám, raunfærnimat, námskeið og fleira. Hægt er að óska eftir viðtali þar sem m.a. er unnið með styrkleika hvers og eins, veitt aðstoð við skipulag náms, ráðgjöf við lestraraðferðir og annað sem upp kann að koma. Þá er einnig í boði leiðsögn varðandi lífsvenjur sem geta stuðlað að betri einbeitingu í námi og aðstoð fyrir þá einstaklinga sem eru í námi að samræma nám og starf sem getur verið flókið og krefst góðs skipulags. Ef þig vantar ráðgjöf – pantaðu tíma með því að senda tölvupóst á vr@vr.is.



VR HEIMSÆKIR SKÓLANA

VR hefur staðið fyrir kynningum á réttindum og skyldum í grunn- og framhaldsskólum undanfarin 20 ár. Á kynningunni er farið yfir helstu grunnþætti sem mikilvægt er að ungt fólk þekki þegar það fer út á vinnumarkaðinn eins og kjarasamninga, launataxta, lágmarkslaun og veikindarétt svo eitthvað sé nefnt. Þá er mikilvægt að unga fólki sé meðvitað um hvaða hlutverki stéttarfélögin gegna og þjónustuna sem þau veita.

Grunnskólakynningar fyrir skólaárið 2018-2019 eru 43 talsins og munu um 1950 grunnskólanemendur fá slíka kynningu í sínum skóla.

Framhaldsskólar sem fá kynningu á skólaárinu eru 12 talsins og um 653 framhaldsskólanemendur koma til með að hlýða á kynningu í sínum skóla. Forsvarsmenn skóla geta bókað kynningu með því að hringja í þjónustuver VR í síma 510 1700 eða sent tölvupóst á sandra@vr.is.



SAMNINGUR MILLI VS OG VR UNDIRRITAÐUR

Þriðjudaginn 19. febrúar sl. undirrituðu formenn VS og VR, þeir Guðbrandur Einarsson og Ragnar Þór Ingólfsson, samning um samruna félaganna. Samningurinn gerir ráð fyrir að félögin starfi undir nafni og kennitölu VR að aflokinni félagslegri afgreiðslu í samræmi við lög félaganna. VS mun viðhafa rafræna atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna sem hafist gæti í byrjun mars og VR mun leggja samninginn fyrir til afgreiðslu á aðalfundi félagsins sem haldinn verður 27. mars nk. Gert er ráð fyrir að félögin sameinist 1. apríl nk. verði sameining samþykkt.

AÐALFUNDUR VR

27. MARS 2019

Aðalfundur VR verður haldinn á **Hilton Reykjavík Nordica miðvikudaginn 27. mars næstkomandi og hefst kl. 19.30**. Á dagskrá fundarins eru venjuleg aðalfundarstörf.

NÝTTU ATKVÆÐISRÉTT ÞINN

Allsherjaratkvæðagreiðsla til stjórnar VR fyrir kjörtímabilið 2019 til 2021 hefst mánudaginn **11. mars** og lýkur á hádegi **15. mars**. Kosningin er rafræn á Mínum síðum á vef VR. Innskráning er með Íslykli eða rafrænum skilríkjum. **Við hvetjum félagsmenn til að kynna sér frambjóðendur og nýta atkvæðisrétt sinn.**

MINNING Teitur Jensson



Traustur hlekkur í keðju VR félaga er nú fallinn frá en Teitur Jensson félagi okkar lést á Hrafnistu DAS þann 9. janúar sl.

Teitur átti aðild að VR í tæpa hálföld en Teit þekktu allir virkir félagsmenn í VR á árunum 1978-2005 enda var hann á þeim tíma mjög virkur í starfi og baráttu félagsins. Teitur lagði þung lóð á vogarskálars starfsins hjá VR, var formaður deildar Samvinnustarfsmanna í VR, í stjórn VR í 12 ár frá 1978-1990 og svo önnur 12 ár í trúnaðarráði VR frá 1993-2005. Teitur mætti fyrstur manna á alla fundi og var alltaf boðinn og búinn að leggja starfi okkar lið. Fyrir hið mikla framlag sitt og hollustu við félagið var hann sæmdur gullmerki VR árið 1991.

Við kveðjum þennan félagi okkar með hlýjar minningar og miklu þakklæti í huga.



VR STYÐUR GRÁA HERINN

Stjórn VR samþykkti einróma á síðasta fundi sínum þann 9. janúar sl. að styðja við Gráa herinn, baráttuhóp eftirlaunafólks á vegum Félags eldri borgara sem er að undirbúa málssókn gegn íslenska ríkinu vegna skerðinga á ellilífeyrisgreiðslum frá Tryggingastofnun ríkisins. VR hyggst leggja fram eina milljón króna vegna málskostnaðar þeirra og hvetur önnur stéttarfélög til þess að leggja hönd á plóg og skipa sér í lið með eldri borgurum sem auðvitað eru einnig eldri félagsmenn stéttarféлага. Þannig er í raun um að ræða hreint kjaramál sem stéttarfélagunum ber að koma að.

Um er að ræða þann gjörning þegar lágmarksframsælu, sem allt eftirlaunafólk átti að fá frá ríkinu við 67 ára aldur, var komið yfir á lífeyrissjóði launafólks. Lífeyrissjóðsgreiðslur áttu í upphafi aðeins að vera viðbót við lágmarksframsælu frá ríkinu og þannig koma þeim til góða sem lögðu á sig að spara reglulega með lífeyrissjóðsgreiðslum. Í dag er það hins vegar þannig að fyrir sumt eftirlaunafólk hefði engu breytt þótt það hefði sleppt því að greiða í lífeyrissjóð alla sína starfsævi því það kemur á sama stað niður. Grái herinn hefur litið svo á að um hreina eignaupptöku væri að ræða og vill VR styðja þau í sinni réttlætisbaráttu með þessu framlagi.



AFSLÁTTUR Í FLUG

Ertu að fara til útlanda eða langar þig að ferðast innanlands?

Félagsmenn VR fá afslátt hjá Icelandair, WOW air, Flugfélaginu Erni, Sumarferðum og hjá Úrvali Útsýn. Afslátturinn er í formi gjafabréfa sem hægt er að kaupa á orlofsvef VR. **Hver félagsmaður getur keypt tvö gjafabréf á ári hjá hverju fyrirtæki.** Ekki er hægt að skila bréfunum eftir að þau hafa verið keypt. Félagsmönnum er bent á að kynna sér vel skilmálana áður en bréfin eru keypt.


Flugávisun Flugfélagsins Ernís gildir sem greiðsla fyrir flugmiða aðra leið fyrir einn til eða frá Vestmannaeyjum, Húsavík, Höfn í Hornafirði og Bíldudal. Flugávisunin gildir eingöngu fyrir félagsmann VR. Taka þarf fram við pöntun að greitt sé með flugávisun frá VR. Ekki er hægt að nota flugávisun VR í eftirfarandi flug á tímabilinu 1. júní - 31. ágúst: Kl. 8.55 (morgunflug) frá Reykjavík til Hafnar í Hornafirði mánudaga, miðvikudaga og föstudaga og kl. 18:55 (síðdegisflug) frá Höfn í Hornafirði til Reykjavíkur

mánudaga, miðvikudaga, fimmtudaga og föstudaga. Allt flug milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja um Verslunarmannahelgi ár hvert og er þá átt við þá helgi frá föstudegi til mánudags.

Gjafabréf Icelandair kostar 23.000 kr. og jafngildir 30.000 kr. greiðslu upp í flug og/eða pakkaferðir Icelandair. Gjafabréfið gildir ekki upp í skatta á Vildarpunktamiðum. Gjafabréf Icelandair gildir í u.þ.b. fimm ár frá útgáfudegi.

Gjafabréf WOW air kostar 22.500 kr. og jafngildir 30.000 kr. greiðslu upp í flug hjá WOW air. Einungis er hægt að nota eitt gjafabréf á mann í hverri bókun. Bókunar- og ferðatímabil er u.þ.b. 1 ár frá útgáfu gjafabréfs. Í þessu felst að flugferðin þarf að vera innan árs frá útgáfudegi gjafabréfsins og ferð verður að vera lokið áður en gildistími gjafabréfs rennur út.

Gjafabréf Sumarferða kostar 25.000 kr. og jafngildir 30.000 kr. greiðslu upp í pakkaferð. Gildir í allar auglýstar pakkaferðir til 31. desember 2019. Nota má eitt gjafabréf á hvern félagsmann.

Gjafabréf hjá Úrvali Útsýn kostar 25.000 kr. og jafngildir 30.000 kr. greiðslu upp í pakkaferð. Gildir í allar auglýstar pakkaferðir til 31. desember 2019. Nota má eitt gjafabréf á hvern félagsmann. 

EKKI GLEYMA ÞÉR!

Ertu að sækja um starf? Veistu hvernig fyrirtækið kemur út í könnun VR á Fyrirtæki ársins? Könnunin 2019 er hafin og stendur fram í miðjan mars. Allir félagsmenn VR fá senda könnun.

HVERNIG ER FYRIRTÆKI ÁRSINS VALIÐ?

VR hefur kannað aðbúnað félagsmanna sinna og viðhorf þeirra árlega í meira en tvo áratugi. Allir félagsmenn VR fá senda könnunina um fyrirtæki ársins en fjöldi fyrirtækja tryggir að auki öðrum starfsmönnum sínum þátttökurétt í könnuninni, óháð því í hvaða stéttarfélagi þeir eru. Í ár fá allir starfsmenn í meira en eitt hundrað fyrirtækjum tækifæri til að taka þátt og er könnunin því send til hátt í 40 þúsund starfsmanna á almennum vinnumarkaði. Könnun VR á Fyrirtæki ársins er þannig ein víðamesta vinnumarkaðskönnun sem gerð er á Íslandi.

Í könnuninni er spurt um viðhorf til níu lykilþátta í starfsumhverfi svarenda. Þættirnir eru stjórnun fyrirtækisins, starfsandi á vinnustaðnum, launakjör, vinnuaðstaða, sveigjanleiki í vinnu, sjálfstæði í starfi, ímynd fyrirtækisins, jafnrétti og að síðustu ánægja og stolt af vinnustaðnum. Gefin er einkunn fyrir hvern lykilþátt og saman mynda þær heildareinkunn fyrirtækis. Vægi þáttanna í heildareinkunninni er misjafnt, viðhorf til stjórnenda fyrirtækisins vegur þar þyngst. Ítarleg umfjöllun um þættina og þróun þeirra er á vefsíðu VR, www.vr.is.

FIMMTÁN FYRIRTÆKI FÁ TITILINN FYRIRTÆKI ÁRSINS

Fyrirtækjum er skipt í þrjá flokka eftir stærð, stærstu fyrirtækin eru þau sem eru með 70 starfsmenn eða fleiri, hjá næststærstu fyrirtækjunum eru starfsmenn frá 30 til 69 talsins og þeim minnstu eru starfsmenn færri en 30. Fimm efstu fyrirtækin í hverjum stærðarflokki fá titilinn Fyrirtæki ársins, alls fimmtán fyrirtæki. Fyrirtækin í fimmtán efstu sætunum fá viðurkenninguna Fyrirmyndarfyrirtæki. Eingöngu fyrirtæki sem tryggja öllum starfsmönnum sínum þátttökurétt koma til greina í vali á Fyrirtæki ársins.

EKKI BARA VAL Á ÞEIM BESTU

Könnunin veitir starfsmönnum vettvang til að tala við stjórnendur sinna vinnustaða, hrósa því sem vel er gert en benda jafnframt á það sem þarf að laga. Niðurstöðurnar eru þannig mælikvarði á frammistöðu stjórnenda fyrirtækja og nýttar til að veita þeim fyrirtækjum sem standa sig vel í mannauðsmálum viðurkenningu fyrir vel unnin störf. Könnunin sýnir hver staða fyrirtækisins er í augum starfsmanna og í samanburði við önnur fyrirtæki á vinnumarkaði.

En niðurstöður í könnun VR á fyrirtæki ársins eru meira en bara viðurkenning til fyrirtækja. Þær gefa félagsmönnum og starfsmönnum á almenna vinnumarkaðnum almennt upplýsingar um starfskjör í fyrirtækjum og viðhorf starfsmanna þeirra sem og þróun á vinnuaðstæðum. Þær gefa VR einnig dýrmætar upplýsingar um hvar hallar á félagsmenn og hvernig kjarabaráttan hefur skilað árangri. Niðurstöður könnunarinnar eru mikilvægt innlegg í kjaraviðræður og renna fleiri stöðum undir starfsemi og þjónustu félagsins.

LAUNAKÖNNUN Á ÞRIGGJA ÁRA FRESTI

Síðustu tuttugu ár hefur launakönnun verið gerð meðal félagsmanna samhliða könnun á Fyrirtæki ársins. Í ár er hins vegar gerð breyting á því og verður launakönnun gerð á þriggja ára fresti héðan í frá. Ekki er því spurt um launin í könnuninni í ár en það verður næst gert árið 2021. Standast þín laun samanburð?

Í stað árlegrar launakönnunar höfum við eftir mjög allan launasamanburð á Mínum síðum. Þar geta félagsmenn nú skráð starfsheiti sitt og vinnutíma og séð samanburð launa sinna – bæði grunnlauna og heildarlauna – við aðra í samskonar starfi. Nú þegar hafa um 12 þúsund félagsmenn skráð upplýsingar sínar. Við hvetjum félagsmenn til að fara inn á Mínar síður á vef VR og skoða stöðu sína í samanburði við aðra. www.vr.is





VARST ÞÚ AÐ MISSA VINNUNA?

12. mars og 7. maí kl. 16.00-17.30

Fundur þessi er hugsaður fyrir þá félagsmenn sem sagt hefur verið upp störfum af hálfu atvinnurekanda.

Leiðbeinendur: Sérfræðingar á kjaramálasviði VR og Jóhann Ingi Gunnarsson, sálfræðingur

Sérfræðingar af kjaramálasviði VR fara yfir réttarstöðu einstaklings gagnvart starfslokum af þessu tagi, umsóknarferli gagnvart atvinnuleysisgjóði og nokkur praktísk atriði fyrir atvinnuleitina. Þá mun Jóhann Ingi Gunnarsson, sálfræðingur, fjalla um hvernig megi vinna með og breyta viðhorfum okkar og venjum til að ná fram okkar besta þegar máli skiptir. Lögð verður áhersla á gagnlegar aðferðir til að takast á við breytingar við krefjandi aðstæður. Fræðslan verður í formi fyrirlesturs og umræðna í bland.

Jóhann Ingi Gunnarsson hefur áratugareynslu af klínískri vinnu með einstaklinga auk þess sem hann hefur haldið fjölda námskeiða og fyrirlestra fyrir fyrirtæki og stofnanir bæði hér heima og erlendis. Einnig má nefna að hann hefur lengi starfað á vettvangi íþróttta, t.d. sem landsliðsþjálfari ásamt því að vera andlegur styrktarþjálfari margra af okkar fremstu íþróttamönnum.

Fundurinn verður haldinn í sal VR á 0. hæð í Húsi verslunarinnar. Fundurinn tekur um eina og hálfu klukkustund.

HÁDEGISFYRIRLESTRAR VR

VR býður fullgildum félagsmönnum á skemmtilega og umfram allt fróðlega hádegisfyrirlestra. Allir fyrirlestrar eru haldnir í sal VR á 0. hæð í Húsi verslunarinnar. Félagsmenn sem komast ekki á fyrirlestrana eða búa utan höfuðborgarsvæðisins geta horft á þá í gegnum streymi. Hægt er að skrá sig á fyrirlestrana eða í streymi á www.vr.is eða með því að hringja í þjónustuver VR í síma 510 1700.

HVERNIG HÁMÖRKUM VIÐ ORKU OG SKILVIRKNI Í VINNU OG DAGLEGU LÍFI?

4. apríl kl. 12.00-13.00

Farið verður yfir þá þætti sem mikilvægastir eru til að hámarka orku og skilvirkni, bæði þegar kemur að vinnu og einkalífi. Fjallað verður um svefn, hreyfingu, kulnun og líkamleg álagseinkenni. Auk þess verður fjallað um lausnir og einfaldar fyrirbyggjandi aðferðir.

Fyrirlesari er Sara Lind Brynjólfssdóttir. Sara er sjúkrapjálfari og lýðheilsufræðingur. Í meistara verkefni sínu skoðaði hún hvernig hreyfing og svefn hafa áhrif á mat okkar á eigin heilsu.

Fyrirlesturinn verður haldinn í sal VR á 0. hæð í Húsi verslunarinnar. Boðið verður upp á léttan hádegisverð.

SIGRAÐU SJÁLFA(N) ÞIG MEÐ HEILDARHUGSUN AÐ VOPNI!

23. maí kl. 12.00-13.00

Ertu smámunasamur sjálfviti eða meðvirkur loftbelgur? Skemmtilegt erindi um hvernig hugsun okkar hefur stefnumótandi áhrif á allt okkar líf. Í þessum fyrirlestri svarar markþjálfinn og rithöfundurinn Ingvar Jónsson áleitnum spurningum eins og:

1. Hvernig getum við mótað nýjar venjur og svelt þær sem standa í vegi fyrir því að við náum árangri?
2. Af hverju einkennir ríkjandi blá hugsun formenn húsfélaga?

Ingvar hefur starfað við kennslu og fyrirlestrahald hér heima og erlendis síðustu 20 ár. Hann hefur skrifað bækur um leiðtoga- og persónufærni síðustu ár – nú síðast bókina Sigraðu sjálfan þig - þriggja vikna áskorun fyrir venjulegt fólk sem vill meira.

Fyrirlesturinn verður haldinn í sal VR á 0. hæð í Húsi verslunarinnar. Boðið verður upp á léttan hádegisverð.

Nánari upplýsingar er að finna á www.vr.is



FRUMVARP UM RÝMRI INNTÖKUSKILYRÐI Í HÁSKÓLA

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, alþingiskona, átti góðan fund með framkvæmdastjóra VR, Stefáni Sveinbjörnssyni, mánudaginn 18. febrúar sl. Þar ræddi Áslaug Arna frumvarp sem hún hefur lagt fyrir þingið sem snýr að rýmri inntökuskilyrðum fyrir umsækjendur í háskóla. VR telur slík rýmri inntökuskilyrði til bóta fyrir marga félagsmenn og að þau séu breyting sem komi sér vel fyrir þá sem hafa mikla og dýrmæta reynslu af vinnumarkaðinum. VR tekur undir nauðsyn þess að opna háskólana fyrir námsmenn með fjölbreyttari bakgrunn en gert er í dag.

VR kynnti fyrir Áslaugu Örne diplómanám í viðskiptafræði og verslunarstjórnun, sem er fyrsta fagháskólanámið á Íslandi en VR vann að náminu í samstarfi við Háskólann á Bifröst og Háskólann í Reykjavík. Félagið á í virku samstarfi við háskólana um þetta verkefni og þar er vilji til breytinga og vilji til þess að halda áfram þróun raunfærnimats í háskólanum. Markmið VR er að félagsmenn, sem starfa í verslun, geti fengið reynslu sína staðfesta og skjalfesta. Í kjölfarið sé greið leið til áframhaldandi náms ef áhugi er fyrir því.

Þá kynnti VR henni einnig þróunarvinnu um heildsteypt fagnám fyrir starfsfólk í verslun sem unnið er að með Verzlunarskóla Íslands og lykil-fyrirtækjum. Um er að ræða 90 eininga fagnám þar sem stór hluti þess fer fram í vinnustaðanámum. Við þróun námsins er lögð áhersla á möguleika námsmanna á því að fara í áframhaldandi nám og ótvírætt sé að þeir sem kjósa geti haldið áfram í diplómanámið í viðskiptafræði og verslunarstjórnun. [VR](#)



Morgunverðarfundur

Er ég að fara

að missa vinnuna?

Morgunverðarfundur VR um
sjálfvirknivæðingu og áhrif hennar
á störf verslunarfólks

Grand Hótel
20. mars 2019 kl. 08.30-10.00

Húsið opnar kl 08.00 fyrir morgunmat

Skráning og nánari dagskrá inn á www.vr.is

Taktu daginn frá!

VR

TEKJUSAGA ÍSLENDINGA Í MYNDUM

Nýr vefur um þróun ráðstöfunartekna eftir tekjuhópum opnaði nýlega, tekjusagan.is. Þessi vefur er mikilvægt innlegg í þá umræðu sem nú á sér stað um þróun lífskjara mismunandi hópa og áhrif skatta og bóta. Þarna geta launamenn skoðað kaupmáttarþróun ólíkra hópa og séð hvernig þeir hreyfast milli tekjuhópa yfir ákveðið tímabil. Vefurinn veitir innsýn í stöðu og þróun eftir kyni, búsetu og fjölskyldustöðu. Hann sýnir meðal annars gríðarlegan mun á þróun kaupmáttar lægri tekjuhópa samanborið við hæsta tekjuhópinn yfir 26 ára tímabil.

Vefurinn veitir almenningi aðgang að gagnagrunni sem byggir á ópersónugreinanlegum upplýsingum úr skattframtölum allra einstaklinga á Íslandi yfir rúmlega aldaþróðing, frá 1991 til 2017. Hann skiptist í tvennt, annars vegar sýnir hann þróun mánaðarlegra tekna, skatta og bóta ríkis og sveitarfélaga frá 1991 til 2017 á föstu verði ársins 2017 og hins vegar hreyfingu á milli tekjutiunda yfir tíma.

MIKILL MUNUR TEKJUHÓPA

Á myndinni má sjá hvernig hjónum á aldrinum 35 til 49 ára hefur vegnað síðustu áratugi. Tekjum er skipt í tíu tekjuhópa og er á myndinni saman-


burður tveggja fjölskyldna, annars vegar í tekjutiund fjögur og hins vegar í tekjutiund tíu, sem er hæsta tíundin. Myndin sýnir þróun mánaðarlegra ráðstöfunartekna frá 1991 til 2017 á föstu verðlagi, þ.e. kaupmáttarþróun. Báðar fjölskyldur eru búsettar í eigin húsnæði á höfuðborgarsvæðinu og eru börnin eitt til tvö hjá báðum.

Eins og sjá má á myndinni eru miklar sveiflur í kaupmætti fjölskyldunnar í efstu tekjutiundinni á árunum rétt fyrir og eftir hrun. Á árunum 2007 til ársins 2012 lækkuðu ráðstöfunartekjur þeirra um 8,8% að meðaltali á ári.

Kaupmáttur hjónanna í tekjutiund fjögur jókst meira eftir hrun en kaupmáttur hjónanna með hæstu launin en þegar litið er yfir allt samanburðartímabilið birtist hins vegar allt önnur mynd. Kaupmáttur hjónanna í efstu tekjutiundinni jókst um 72% á tímabilinu frá 1991 til 2017 en kaupmáttur hjónanna í tekjutiund fjögur jókst um 39% á sama tíma.

HREYFANLEIKI MILLI TÍUNDA

Á vefnum má einnig sjá hreyfanleika fólks milli tekjutiunda yfir tiltekin tímabil. Þar má sjá hversu stórt hlutfall færast á milli tekjutiunda – upp eða niður – eða stendur í stað eftir því sem árin líða. Nokkur hreyfanleiki er á milli tíunda hjá flestum hópum. Sem dæmi má taka ungt fólk á vinnumarkaði á aldrinum 25 til 29 ára árið 2001, í tekjutiund fjögur. Sextán árum síðar, árið 2017, er þessi hópur á aldrinum 40 til 44 ára. Meirihluti þeirra, eða 61%, hefur færst í hærri tekjutiund en tæpur þriðjungur, eða 29%, hefur hins vegar færst í lægri tíund á tímabilinu. [VR](#)





KJARASAMNINGA- VIÐRÆÐUM SLITIÐ

Þann 21. febrúar 2019 samþykkti samninganefnd VR að hefja undirbúning verkfallsaðgerða í kjölfar þess að viðræðum VR og þriggja annarra stéttarfélaganna við atvinnurekendur var slitið. Þegar VR blaðið fór í prentun var undirbúningur þegar hafinn. VR ásamt Eflingu og Verkalýðsfélögum Akraness og Grindavíkur standa saman að þessum aðgerðum enda hafa félögin flest verið samstíga frá því undir lok árs 2018.

VÍSAD TIL RÍKISSÁTTASEMJARA


Viðræður VR og Samtaka atvinnulífsins haustið 2018, um endurnýjun kjarasamnings, skiluðu engum árangri og um miðjan desembermánuð fékk formaður VR, Ragnar Þór Ingólfsson, umboð til að leita samstarfs við önnur stéttarfélög í viðræðunum sem og umboð til að vísa deilu félagsins við atvinnurekendur til ríkissáttasemjara. VR, Efling og Verkalýðsfélag Akraness vísuðu deilum sínum sameiginlega til sáttasemjara þremur dögum fyrir jól, þann 21. desember. Viðræður undir forystu ríkissáttasemjara hófust svo strax milli jóla og nýárs og var fyrsti fundurinn haldinn þann 28. desember. Fundað var stíft, haldnir voru meira en tíu fundir á tæpum tveimur mánuðum, en árangurinn hvað launalið kjarasamninga varðar lét á sér standa á meðan ágætlega gekk í samningaviðræðum um sumar aðrar kröfur félaganna.

TILBOÐI ATVINNUREKENDA HAFNAÐ

Um miðjan febrúar lögðu Samtök atvinnurekenda fram tilboð um hækkun launa, Tilboðið hljóðaði upp á 15 þúsund króna hækkun mánaðarlauna á ári hverju upp að 600 þúsund krónum, auk fimm þúsund króna hækkun á taxa. Einstaklingar með 600 þúsund krónur í mánaðarlaun

eða hærra fengju 2,5% hækkun launa á ári. Þessu tilboði var hafnað af stéttarfélögunum fjórum enda dygði þessi hækkun ekki einu sinni til að halda í við verðbólgu hjá stórum hluta VR félaga, eins og henni er spáð. Á myndinni má sjá hvernig laun félagsmanna VR myndu þróast, miðað við tilboðið SA. Hér er miðað við spá Hagstofu Íslands sem gerir ráð fyrir 3,8% verðbólgu á þessu ári, 3,3% á næsta ári og 2,9% árið 2021.

MEDALBREYTING Á KAUPMÆTTI LAUNA Á ÁRI 2019 TIL 2021, SKV. TILBOÐI SA



Tveimur dögum síðar lögðu stéttarfélögin fram gagntilboð þar sem áfram var lagður meginþungi á hækkun launa þeirra lægstlaunuðu. Í kröfugerð VR, sem birt er í heild sinni á vefsíðu félagsins og í síðasta VR blaði, er farið fram á krónutöluhækkanir sem skila þeim sem hafa lægri laun hlutfallslega meiri launahækkun og var gagntilboð félaganna á þeim grunni. Atvinnurekendur höfnuðu tilboðinu.

TILLÖGUR STJÓRNVALDA VALDA VONBRIGÐUM

Þann 19. febrúar lögðu stjórnvöld fram tillögur að breytingum á húsnæðis- og skattamálum með það í huga að liðka fyrir viðræðum. Tillögurnar gerðu m.a. ráð fyrir nýju skattþrepi fyrir lægstu launin sem kæmi til framkvæmda árið 2020. Félögin fjögur lýstu yfir miklum vonbrigðum með tillögurnar sem engan veginn kæmu til móts við kröfur stéttarfélaganna eða sköpuðu grundvöll til að halda viðræðum áfram. Á fundum samninganefndar og trúnaðarráðs VR þann 20. febrúar 2019 var farið yfir stöðuna og formanni veitt heimild til viðræðuslita. Á fundi með sáttasemjara daginn eftir slitu félögin fjögur svo viðræðunum.

Ragnar Þór, formaður VR, segir stéttarfélögin hafa lagt mikið á sig til þess að ná samningum. Það hafi ekki tekist og myndu félögin nú nota þau tæki og töl sem þeim stæðu til boða til að þrýsta á kröfur sínar, meðal annars með því að boða til verkfallsaðgerða. Stjórn VR samþykkti á fundi sínum þann 22. febrúar að hefja undirbúning verkfallsaðgerða. Sá undirbúningur snýr að verkföllum smærri hópa en ekki er stefnt að allsherjarverkfalli allra félagsmanna VR.

Þetta var staðan þegar VR blaðið fór í prentun. Við bendum félagsmönnum á að fylgjast með á vefsíðu VR og facebook síðu félagsins. [VR](#)

FALIÐ ATVINNULEYSI Á ÍSLANDI

Greinin birtist fyrst í Efnahagsfirliti VR, febrúar 2019.

Atvinnuleysi á Íslandi mælist lítið. Á þriðja ársfjórðungi 2018 var 1,8% einstaklinga á aldrinum 16-74 ára atvinnulaus en 1,4% sé aðeins horft til 25-54 ára. Í samanburði við önnur Evrópulönd er atvinnuleysi næst lægst á Íslandi. Tölur um atvinnuleysi hafa þó fengið á sig nokkra gagnrýni. Fyrst var fjallað um gallann á skilgreiningu atvinnuleysis í Efnahagsfirliti VR í janúar 2016. Þar var einnig talað um falið atvinnuleysi. Hér eru nýjar tölur um falið atvinnuleysi birtar og fjallað stuttlega um gallann á opinberum tölum um atvinnuleysi.

Til að teljast atvinnulaus þarf að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- 1) Hafa leitað sér vinnu sl. fjórar vikur og eru tilbúnir að hefja störf innan tveggja vikna frá því rannsóknin er gerð.
- 2) Hafa fengið starf en ekki hafið vinnu.
- 3) Bíða eftir að vera kallaðir til vinnu.
- 4) Hafa gefist upp á að leita að vinnu en bjóðist þeim starf eru þeir tilbúnir að hefja vinnu innan tveggja vikna.

Hagfræðingar hafa margir gagnrýnt þessa skilgreiningu sökum þess að fjölmargir einstaklingar eru án atvinnu án þess að teljast atvinnu-

lausir. Hér er ekki átt við þá sem t.d. ekki vilja vinna, geta ekki unnið eða námsmenn. Einstaklingur sem vill vinna en getur ekki hafið störf innan tveggja vikna telst ekki atvinnulaus skv. skilgreiningu á atvinnuleysi en er þó sannarlega án atvinnu og vill vinna.


Falið atvinnuleysi er skilgreint hér sem þeir aðilar sem uppfylla eitthvað af eftirfarandi skilyrðum:

- Eru í hlutastarfi en vilja vinna meira
- Tilbúnir að vinna en ekki að leita
- Að leita en ekki tilbúnir að vinna

VR hefur birt þessar upplýsingar áður með það að markmiði að draga fram frekari upplýsingar um þá sem eru ekki í vinnu eða vilja vinna meira. Hlutfallið hefur lækkað fyrir bæði kynin undanfarin ár. Stuttu eftir hrun uppfylltu um 8% kvenna á aldrinum 25-54 ára eitthvað af ofangreindu. Á þriðja ársfjórðungi 2018 var hlutfallið komið niður í 5,2% sem er í takt við árin fyrir hrun. Fyrir karla á sama aldri var hlutfallið 2,3% á þriðja ársfjórðungi 2018 sem er nokkuð hærra en meðaltalið fram að hruni.



FALIÐ ATVINNULEYSI Á ÍSLANDI



Þeir einstaklingar sem uppfylla eitthvert ofangreindra skilyrða teljast ekki atvinnulausir. Sá sem er í hlutastarfi en vill vinna meira er í raun að hluta til atvinnulaus. Það má því segja að atvinnuleysi sé hærra en almennt er talið m.v. opinberar tölur.

Nokkuð hefur verið rætt um sama galla í Bandaríkjunum. Þar sýna tölur aðeins 3,9% atvinnuleysi. Sé hins vegar stuðst við mælikvarða sem tekur tillit til þeirra sem eru sannarlega atvinnulausir en uppfylla ekki öll viðeigandi skilyrði, mælist atvinnuleysi í Bandaríkjunum 7,6%. Það er tæplega tvöfalt meira atvinnuleysi en opinberu tölurnar segja til um. Álíka sögu er að segja um stöðuna í Evrópu.

Á Íslandi eru tölurnar einnig sláandi. Nýjustu upplýsingarnar eru frá þriðja ársfjórðungi 2018. Taflan sýnir atvinnuleysi og falið atvinnuleysi fyrir karla og konur á aldrinum 25-54 ára.

Það er því óhætt að segja að raunverulegt atvinnuleysi sé nokkuð hærra en opinberar tölur benda til. Það er sérstaklega mikilvægt að hafa þessar upplýsingar í huga þegar illa árar til að ofmeta ekki stöðu vinnumarkaðarins. [vsk](#)

Á síðasta ári voru rétt tæplega 7.000 einstaklingar skráðir í 300 fyrirtækjum í eftirlitskerfið Finn, en þar af voru um 3.400 skráðir í eftirlitsferðum VR.



VINNUSTAÐAEFTIRLIT VR

FORSAGAN

Þann 15. ágúst 2010 tók gildi samkomulag ASÍ og SA um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum byggt á lögum um sama efni. Vinnustaðaskírteinum er ætlað að vinna gegn svartri atvinnustarfsemi og undirboðum á vinnumarkaði. Á vinnustaðaskírteinum skal vera mynd af viðkomandi einstaklingi ásamt nafni, kennitölu og starfsheiti en einnig nafn og kennitala ásamt heimilisfangi fyrirtækis. Markmið vinnustaðaskírteina og eftirlits á vinnustöðum er að tryggja að atvinnurekendur og starfsmenn þeirra fari að gildandi lögum, reglugerðum og kjarasamningum.

EFTIRLITSFULLTRÚAR

Samráðsnefnd ASÍ og SA hefur veitt sérstökum eftirlitsfulltrúum heimild til að annast eftirlit og hafa þeir rétt skv. l. nr. 42/2010 til aðgangs að vinnustöðum og heimild til að krefja atvinnurekanda og launamenn

hans um að sýna vinnustaðaskírteini. Þeir einir eru eftirlitsfulltrúar í skilningi laganna sem fengið hafa formlega staðfestingu samráðsnefndar ASÍ og SA, undirritað trúnaðaryfirlýsingu og fengið skírteini sem samráðsnefndin gefur út til staðfestingar á stöðu þeirra. Nöfn og myndir af eftirlitsmönnum er að finna á vefnum www.skirteini.is undir „Eftirlitsfulltrúar“. Eftirlitsfulltrúum er heimilt að fara í eftirlitsheimsóknir á vinnustaði atvinnurekanda, sem undir lögin falla, til að ganga úr skugga um að atvinnurekandi og starfsmenn hans starfi í samræmi við gildandi lög, reglugerðir og kjarasamninga. Skal eftirlitsfulltrúunum veittur aðgangur að vinnustöðum í þeim tilgangi.

FRAMKVÆMD EFTIRLITS

Ef eftirlitsfulltrúum er neitað um aðgengi að vinnustöðum eða ef atvinnurekandi eða starfsmenn hans bera ekki vinnustaðaskírteini á sér geta eftirlitsfulltrúar tilkynnt um það til Vinnumálastofnunar. Vinnumálastofnun getur krafist þess að atvinnurekandi bæti úr annmörk-

unum innan hæfilegs frests að viðlögðum dagsektum. Eftirlitsfulltrúum er heimilt að leita aðstoðar lögreglu við eftirlitið þegar slíkt þykir nauðsynlegt.

Eftirlitsfulltrúar skulu senda upplýsingar þær sem fram koma á vinnustaðaskírteini til skattayfirvalda, Vinnuálastofnunar, Tryggingastofnunar ríkisins, lögreglustjóra og, þegar við á, Útlendingastofnunar og Þjóðskrár þannig að unnt sé að kanna hvort atvinnurekandi eða starfsmaður starfi í samræmi við hlutaðeigandi lög sem hverri stofnun er ætlað að annast framkvæmd á. Til að uppfylla þetta skilyrði hafa ASÍ og SA látið útbúa rafrænt skráningarkerfi sem nefnist Finnur og skrá eftirlitsfulltrúar þar í rauntíma þannig að allir sem skráðir eru eiga að vera á vinnustaðnum þegar skráning fer fram. Eftirlitsfulltrúar VR eru 2 og er annar með starfsstöð á Selfossi en hinn í Reykjavík.

SKRÁNINGAR 2018

Á síðasta ári voru rétt tæplega 7.000 einstaklingar skráðir í 300 fyrirtækjum í eftirlitskerfið Finn, en þar af voru um 3.400 skráðir í eftirlitsferðum VR. Þess ber að geta að í vinnureglum eftirlitsfulltrúa er skýrt ákvæði um að þeir séu af öryggisástæðum aldrei einir á ferð og er því ávallt farið í eftirlitsferðir í samstarfi við eftirlitsfulltrúa annarra stéttarféлага. Í eftirlitsheimsóknum eru einstaklingar, eins og fyrr sagði, skráðir í kerfið en einnig er spurt um starfskjör og aðbúnaður starfsfólks skoðaður ef ástæða þykir til og brot tilkynnt til viðkomandi stofnana. Ekki er haldin sérstök skráning á slíkum tilkynningum en farið er aftur í þau fyrirtæki að nokkrum tíma liðnum til að athuga hvort úrbætur hafi verið gerðar. Ef vinnustaðaskírteini eru ekki til staðar er skrifuð eftirlitsskýrsla og voru um 140 skýrslur skrifaðar á vegum VR á síðasta ári. Gefinn er frestur til úrbóta, yfirleitt um 2 vikur, og fyrirtækið heimsótt aftur að honum loknum. Um það bil 80% fyrirtækja hefur þá gert úrbætur, en hafi fyrirtæki ekki gert það er afrit af eftirlitsskýrslunni sent til Vinnuálastofnunar sem þá sendir aðvörunarbréf til viðkomandi fyrirtækis og hefur í framhaldinu heimild til að beita dagsektum sem geta numið allt að einni milljón króna á dag. Vinnuálastofnun hefur ekki upplýst um fjölda mála eða hvort dagsektum hafi á einhverjum tímapunkti verið beitt.

Skráð voru 530 fyrirtæki í þessum heimsóknum fulltrúa VR en þess ber að geta að heimsóknirnar eru all miklu fleiri þar sem ekki er til tölfræði um hversu oft fyrirtæki eru heimsótt á árinu né er tekið tillit til starfsstöðva, sem geta verið fleiri en ein. Slíkt er nokkuð algengt í skyndibitasölu, til dæmis í pizza- og hamborgarasölu sem og í ís-sölu. Má því ætla að ekki séu undir 800 heimsóknir á bakvið þessar 3.400 skráningar.

Sem betur fer er það alger undantekning að eftirlitsfulltrúar VR þurfi að kalla til lögreglu vegna brota en það kemur þó fyrir og gerðist nú síðast í byrjun febrúar, það mál rataði ekki í fjölmiðla. [VR](#)

Kosningar 2019

Þitt atkvæði

mótar framtíð félagsins!

Nánar á vr.is





ALLSHERJAR- ATKVÆÐAGREIÐSLA Í VR 2019

Allsherjaratkvæðagreiðsla meðal félagsmanna VR vegna kjörs stjórnar VR kjörtímabilið 2019-2021 hefst kl. 9.00 mánudaginn 11. mars 2019 og lýkur kl. 12.00 á hádegi föstudaginn 15. mars 2019. Atkvæðagreiðslan er rafræn.

HVERJIR Hafa ATKVÆÐISRÉTT?

Atkvæðisrétt í kosningunum hafa allir fullgildir VR-félagar. Á kjörskrá eru einnig eldri félagsmenn (hættir atvinnuþátttöku vegna aldurs) sem greiddu eitthvert félagsgjald á 67. aldursári og höfðu greitt a.m.k. 50 mánuði af 60 á síðustu fimm árum áður en þeir urðu 67 ára.

UPPLÝSINGAR TIL ATKVÆÐISBÆRRA FÉLAGSMANNA

Allir atkvæðisbærir félagsmenn fá sendar upplýsingar í tölvupósti um hvernig atkvæðagreiðslan fer fram. Upplýsingarnar verða einnig aðgengilegar á Mínum síðum. Aðgangur að rafrænum atkvæðaseðli er frá vef VR. Þeir sem ekki hafa aðgang að atkvæðaseðli en telja sig eiga rétt til þátttöku í atkvæðagreiðslunni geta sent erindi til kjörstjórnar á netfangið kjorstjorn@vr.is eða í pósti til Kjörstjórnar VR, Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, 103 Reykjavík, fyrir lok kjörfundar. Kærufrestur er til loka kjörfundar.

HVERNIG Á AÐ KJÓSA?

Til að kjósa ferðu á vef VR, www.vr.is, smellir á Kosningar í VR 2019-2021 og skráir þig inn með Íslykli eða rafrænum skilríkjum. Þá opnast atkvæðaseðill í nýjum vafra og upplýsingar um hvernig þú átt að bera þig að við að greiða atkvæði. Ef þú ert ekki með Íslykil eða rafræn skilríki getur þú sótt um á island.is.

Rétt er að benda á að úthlutun sæta í stjórn á grundvelli niðurstöðu kosninganna fer fram með svokallaðri fléttuaðferð, þ.e. karlar og konur raðast til skiptis í sætin. Sjá nánar á bls. 17 þar sem 20. grein laga VR um kosningu til trúnaðarstarfa er birt í heild sinni.

FRAMBJÓÐENDUR

Kosið er á milli 13 frambjóðenda til sjö sæta í stjórn. Kynning á frambjóðendum er hér í blaðinu og á vef félagsins, www.vr.is.

VOTING FOR THE POSITIONS OF BOARD MEMBERS


VR will hold a secret ballot to elect board members for VR for the term 2019-2021. The voting will begin at 9.00 AM 11th March 2019 and will end at 12.00 noon on 15th March 2019.

WHO IS ENTITLED TO VOTE?

All VR members in good standing are entitled to vote. Also entitled to vote are senior members (retired) who paid some dues in their 67th year and paid dues for at least 50 of the 60 months from age 62 to 67. Access to electronic ballot papers is via the VR website. If you believe you are entitled to vote but do not have access to the ballot papers, please send a complaint to the VR election committee, VR, Kringlunni 7, 103, Reykjavík or by e-mail to VR's election committee kjorstjorn@vr.is, before the end of voting.

HOW TO VOTE?

The voting is electronic via the VR website, www.vr.is, please choose the button Elections in VR 2019-2021 (Kosningar í VR 2019-2021). To access the ballot papers you need either an Icekey (Íslykill) og E-Certificate (Rafræn skilríki), which you can apply for on the website island.is. Once you have logged on you will be directed to the ballot.

Members are also welcome to cast their votes at the offices of VR in Reykjavík, Vestmannaeyjar, Akranes, Selfoss and Egilsstaðir during the election. The votes will be counted as soon as voting ends. 

FRAMBJÓÐENDUR TIL STJÓRNAR VR Í STAFRÓFSRÖÐ / CANDIDATES FOR THE EXECUTIVE BOARD IN ALPHABETIC ORDER:

Agnes Erna Estherardóttir
Anna Þóra Ísfold
Björn Kristjánsson
Harpa Sævarsdóttir
Helga Ingólfssdóttir
Jóna Fanney Friðriksdóttir
Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir
Ólafur Reimar Gunnarsson
Selma Árnadóttir
Sigmundur Halldórsson
Sigurður Sigfússon
Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir
Þorvarður Bergmann Kjartansson

Nánari upplýsingar um kosningar VR eru á vr.is
For further information please visit the VR website vr.is
(in Icelandic only).

ÚR LÖGUM VR UM KOSNINGAR

20.1. UM KOSNINGU FORMANNS OG STJÓRNAR

Formaður skal kosinn í einstaklingskosningu annað hvert ár. Árlega skulu 7 stjórnarmenn kosnir til tveggja ára og 3 varamenn til eins árs í einstaklingsbundinni kosningu.

Komi fram fleiri framboð en sæti sem í boði eru skal viðhafa rafræna kosningu meðal fullgildra félagsmanna.

Berist ekki nægilega mörg framboð skal stjórn félagsins gera tillögu um stjórnarmenn sem bera skal upp í trúnaðarráði til samþykktar. Ef fleiri tillögur koma fram á fundi trúnaðarráðs skal kosið á milli þeirra á fundinum. Afl atkvæða ræður úrslitum.

20.2. UM KOSNINGU Í TRÚNAÐARRÁÐ

Árlega skal kjósa 41 fulltrúa í listakosningu til setu í trúnaðarráði til tveggja ára í senn. Missi trúnaðarráðsmaður hæfi til setu í ráðinu sbr. 3. mgr. 11. gr. á fyrsta ári kjörs hans, skal í næstu kosningu til trúnaðarráðs fjöldi fulltrúa á framboðslista vera aukinn umfram 41 sem nemur þeim fjölda sem misst hefur hæfi. Þeir sem bætast þannig við framboðslistann skulu þó aðeins vera í kjöri til eins árs.

Komi fram fleiri en einn listi skal viðhafa rafræna kosningu meðal fullgildra félagsmanna. Þá skal kosið á milli lista og sá listi sem fær flest atkvæði telst rétt kjörinn. Stjórn og trúnaðarráði er skylt að stilla upp lista til trúnaðarráðs. Sama einstaklingi er óheimilt að skipa sæti samtímis á lista til trúnaðarráðs og í einstaklingskosningu til formanns eða stjórnar félagsins. Auglýsa skal í dagblöðum og á vefsíðu félagsins eftir félagsmönnum sem vilja taka sæti á listanum.

Uppstillinganefnd skipuð formanni og fjórum einstaklingum kosnum af trúnaðarráði skal skipuð fyrir 15. janúar annað hvert ár. Nefndin skal velja frambjóðendur á listann úr hópi þeirra sem gefið hafa kost á sér og kannar kjörgengi þeirra.

Berist ekki nægilega mörg framboð skal Uppstillinganefnd gera tillögu um fulltrúa til setu á listanum sem bera skal upp í trúnaðarráði til samþykktar.

Hafi fleiri gefið kost á sér en sætin sem skipa á skal listinn borinn upp í trúnaðarráði til samþykktar. Sá sem gefið hefur kost á sér en ekki fengið sæti á listanum getur krafist þess að kosið verði um frambjóðendur á fundi trúnaðarráðs.

20.3. UM FRAMKVÆMD KOSNINGA

Kjörstjórn úrskurðar um lögmæti framboða.

Kjörstjórn sér um og tekur ákvarðanir um framkvæmd kosninga. Ákvarðanir kjörstjórnar eru endanlegar.

Kjörstjórn skal auglýsa eftir framboðum í dagblöðum og á vefsíðu félagsins. Framboðsfrestur skal vera að minnsta kosti ein vika.

Framboðum skal skila á skrifstofu félagsins og skulu fylgja þeim upplýsingar um nafn og kennitölu frambjóðenda. Skrifleg meðmæli 15 félagsmanna þarf vegna framboðs til stjórnar. Skrifleg meðmæli 50 félagsmanna þarf vegna framboðs til formanns.

Við framboð lista til trúnaðarráðs skal liggja fyrir skriflegt samþykki allra þeirra sem á listanum eru.

Til að listi sem borinn er fram gegn lista trúnaðarráðs sé löglega fram borinn þarf skrifleg meðmæli 1% félagsmanna.

Kjörstjórn er heimilt að gefa sólarhringsfrest til að lagfæra annmarka á framboðum. Kjörstjórn úrskurðar um hæfi og kjörgengi allra frambjóðenda og auglýsir að því loknu upphaf atkvæðagreiðslu sbr. reglugerð ASÍ um leynilega allsherjaratkvæðagreiðslu. Úrskurðir kjörstjórnar eru endanlegir.

Kosning skal fara fram innan 6 vikna frá því að framboðsfrestur rennur út.

Kosningum til trúnaðarstarfa í félaginu skal lokið eigi síðar en 15. mars ár hvert.

Frambjóðendur í einstaklingskosningu geta dregið framboð sitt til baka allt að viku fyrir upphaf kjördags. Frambjóðendur í listakosningu geta ekki dregið framboð sitt til baka eftir að framboðsfresti lýkur.


Skrifstofa félagsins sér um kynningu á frambjóðendum í miðlum félagsins eins og þeir eru á hverjum tíma. Þá skal haldinn kynningarfundur meðal félagsmanna með frambjóðendum fyrir kjördag, krefjist einn eða fleiri frambjóðendur þess. Um framkvæmd og undirbúning kosninga fer að öðru leyti eftir reglugerð ASÍ um leynilegar atkvæðagreiðslur.

20.4. UM KJÖRSEÐLA OG RÖÐUN Á LISTA

VIÐ KOSNINGU TIL STJÓRNAR:

Raða skal frambjóðendum á kjörseðilinn eftir stafrófsröð og kjósendur merkja við minnst 1 en mest 7. Til að viðhalda jafnri kynjaskiptingu í stjórn VR skal sá frambjóðandi sem flest atkvæði fær skipa 1. sæti í stjórn. Næsta sæti skipar sá sem flest atkvæði fékk en er af hinu kyninu o.s.frv. Þeir 7 sem flest atkvæði fá samkvæmt framansögðu teljast rétt kjörnir aðalmenn í stjórn VR til 2ja ára. Næstu 3 teljast rétt kjörnir varamenn í stjórn VR til 1 árs.

VIÐ KOSNINGU TIL TRÚNAÐARRÁÐS:

Séu fleiri listar en listi stjórnar og trúnaðarráðs skal merkja listana með bókstaf hvern fyrir sig í þeirri röð sem þeir berast. Nöfnum á hverjum lista skal raðað í stafrófsröð. Sé á fundi trúnaðarráðs kosið milli einstaklinga sem skipa skulu listann sbr. 5. mgr. 20. gr. 2, skal nöfnum raðað á kjörseðil í stafrófsröð. 



Agnes Erna Estherardóttir

Fæðingardagur og ár

11. janúar 1976

Félagssvæði

Suðurland

Netfang

agneserna@gmail.com



Anna Þóra Ísfold

Fæðingardagur og ár

5. október 1974

Félagssvæði

Reykjavík og nágrenni

Netfang

isfold@isfold.is

Facebook

Anna Þóra Ísfold

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Ég starfa hjá vefhýsingarfyrirtækinu 1984 ehf. við bókhald. Ég lærði fagið hjá Sveinbirni Sveinbjörnssyni endurskoðanda ásamt því að fara á hin ýmsu námskeið og hef starfað við bókhald í um 17 ár. Auk þess lauk ég námi í rypmískum söng frá tónlistarskóla FÍH árið 2014.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Frá 14 ára aldri gegndi ég ýmsum störfum t.d. í þvottahúsi, við umönnun og við skúringar, fram til tvítugs. Því næst vann ég við þjónustustörf á kaffi- og veitingastöðum, bæði hér á landi og erlendis. Ég hef starfað við bókhald frá aldarmótum. Undanfarin 4 ár hef ég verið í stjórn Vatnsveitufélags Hjallasóknar og leiði nú stjórnina sem formaður. Einnig hef ég tekið þátt í ýmsum viðburðum varðandi kvennabaráttu og hef hug á því að taka enn frekari þátt í félagsstarfi varðandi jafnrétti, feminisma og jöfnuð í framtíðinni. Ég hef setið í stjórn VR sem varamanneskja undanfarið ár og mætt á hartnær alla fundi stjórnarinnar. Ég hef setið í Kjaramálanefnd og Starfsmenntanefnd hjá VR ásamt því að sitja í Mennta- og kynningarnefnd hjá ASÍ fyrir hönd VR.

HELSTU ÁHERSLUR

Það er mér mikið kappsmál að lægstu laun dugi til framfærslu og að lægstu launaflokkar endurspegli lágmarkslaun á hverjum tíma en séu ekki lægri eins og nú er raunin. Krónutöluhækkunar á laun og taxta skyldu notaðar upp allan skalann til að koma í veg fyrir stækkandi bil milli stétta. VR á að beita sér, eftir fremsta megni, fyrir breytingum á skattkerfinu til kjarabóta fyrir almenning. Laun í „kvinnastéttum“ endurspeglir þá menntun sem liggur að baki þeirra. Ég vil að stéttarfélagið beiti sér fyrir umbótum á leigumarkaði, bæði með tilliti til efnahagsleigjenda en einnig fyrir aðra sem óska eftir langtímaúrræðum á leigumarkaði með rekstri leigufélags. Ég vil halda á lofti umræðu og umbótaverkefnum í kynjaumræðunni s.s. „metoo“ og öðrum sambærilegum herferðum. Afnámsverðtryggingar þarf að skoða alvarlega, núverandi fyrirkomulag þjónar almenningi mjög illa. Ég veit að stjórn VR getur beitt sér á margvíslegan hátt í hinum ýmsu samfélagsmálum og mun styðja við það innan stjórnarinnar. Ég vil styðja Ragnar Þór formann stjórnarinnar áfram til góðra verka. Hann hefur sýnt og sannað að hann vilji starfa fyrir hönd alþýðunnar og því vil ég taka þátt í.

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Ég starfa sem sölustjóri í Heilsuborg. Lauk Bsc í viðskiptafræði frá HR árið 2005, Msc í alþjóðaviðskiptum og markaðsfræðum frá HÍ árið 2016 og viðbótardiplóma í lýðheilsuvísindum frá sama skóla árið 2017. Ég lauk stjórnendamarkþjálfun frá Opna háskólanum í Reykjavík vorið 2018 og námi í góðum stjórnarháttum frá HÍ árið 2016.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Ég hef starfað við stjórnun verkefna á sviði menntamála, rak m.a. Nýsköpunarkeppni grunnskólanna á árunum 2007-2016. Ég hef jafnframt starfað við ráðgjöf í markaðsmálum með áherslu á stafræna miðlun, ásamt því að sinna stjórnasetu í Félagi kvenna í atvinnulífinu frá árinu 2016. Ég starfa í dag sem sölustjóri Heilsuborgar. Heilsuborg er staður sem fólk leitar til þegar það vill öðlast aukna vellíðan. Fyrirtækið er einstakt, enginn á Íslandi býður hliðstæða þjónustu. Heilsuborg býður uppá samsetta nálgun tengda hornsteinum góðrar heilsu; mataræði, hreyfingu, svefni og andlegri líðan.

HELSTU ÁHERSLUR

Ég býð mig fram til stjórnar VR til að hafa áhrif á samfélag mitt. Ég er félagsvera að eðlisfari og fæ orku úr samskiptum og innihaldsríkum samræðum við fólk sem vill vaxa sem manneskjur og um leið bæta samfélag okkar. Fyrir utan að vilja betra samfélag, þar sem ótti við samdrátt og hækkandi verðbólgu svífur ekki yfir vötnum, þar sem vaxtaumhverfi er eðlilegt fyrir almenning og ekki er aukin tíðni örmögnunar fólks í atvinnulífinu, þá liggur ástríða mín í lýðheilsu, forvörnum hvað varðar heilsu og jafnrétti og mun ég m.a. beita mér fyrir því að slík mál efni komist til umræðu. Sem stjórnarkona áskil ég mér rétt til að hafa sjálfstæðar skoðanir á málum, fylgi eigin sannfæringu, spyr spurninga sem mér finnst vera ósvarað og kalla eftir frekari gögnum ef þurfa þykir. Hef óþreytandi hugmyndaflug þegar ég sé verkefni sem má skoða betur eða þróa ný verkefni í takt við óleystar þarfir.



Björn Kristjánsson

Fæðingardagur og ár

14. ágúst 1983

Félagssvæði

Reykjavík og nágrenni

Netfang

bjorn@kristjansson.is

Vefsíða

www.kristjansson.is



Harpa Sævarsdóttir

Fæðingardagur og ár

8. maí 1971

Félagssvæði

Reykjavík og nágrenni

Netfang

harpasaev@gmail.com

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Ég starfa hjá Félagi Íslenskra bifreiðaeigenda þar sem ég sé meðal annars um markaðsmál, blaðaumbrot, tæknimál og almenna aðstoð við félagsmenn FÍB. Árið 2011 útskrifaðist ég úr frumgreinadeild Háskólans á Bifröst. Innritaðist í viðskiptafræði og lauk þaðan, árið 2014, BS-prófi í viðskiptafræðum með áherslu markaðssamskipti. Árið 2015 lauk ég síðan MS-námi í alþjóðlegum viðskiptum frá sama skóla.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Ég hef komið víða við á vinnumarkaði og aflað mér þekkingar á hinum ýmsu sviðum. Þar á meðal eru ýmis verslunar- og þjónustustörf auk aksturs leigu- og sendibifreiða. Eftir nám sá ég um ábyrgðarmál og verkefnastýringu Porsche hjá Bílabúð Benna. Sem fjölskyldumaður og tveggja barna faðir hef ég m.a. setið í stjórnnum húsfélaga og foreldrafélaga.

HELSTU ÁHERSLUR

Ég trúi á það að allir eigi að sitja við sama borð þegar kemur að möguleikum til menntunar og atvinnu óháð bakgrunni. Mig langar að auka tækifæri fólks á atvinnumarkaði til að bæta við sig menntun og aukinni reynslu meðfram vinnu. Aukinni þekkingu fylgja fjölmörg tækifæri til að vaxa og dafna í lífi og starfi. Þá eykur hún á sjálfstraust, vellíðan og getur þannig dregið úr hættu á kvíða og kulnun í starfi. Þá vil ég stuðla að auknum ráðstöfunartekjum fyrir heimilin, ekki eingöngu með krónu- og prósentuhækkunum á launaseðli, heldur einnig með því að draga úr útgjöldum heimilanna eins og húsnæðiskostnaði, og með lækkun á álögum á barnafólk með margvíslegum hætti. Það er að mínu mati allra hagur, jafnt starfsmanna sem atvinnurekenda, að vellíðan og ánægja í lífi og starfi sé ávallt höfð að leiðarljósi.

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Ég hef unnið hjá Fastlandi bókhaldsstofu og sinnt þar bókhaldsstörfum ásamt því að vera launafulltrúi. Þar á undan vann ég hjá AD Travel sem bókari ásamt öðrum tilfallandi verkefnum. Einnig vann ég hjá Íshestum í nokkur ár og þar á undan hjá Flugfélaginu Atlanta í 15 ár. Ég var í Fjölbautaskólanum í Breiðholti en einnig var ég í námi hjá Promennt og svo í Endurmenntun Háskóla Íslands.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Árin 2014-2016 sat ég í stjórn VR, þar á eftir sem varamaður í eitt ár og svo aftur í stjórn frá árinu 2017 til dagsins í dag. Ég var kosin í miðstjórn ASÍ í október 2018 og er núverandi formaður Jafnréttis- og vinnu- markaðsnefndar innan ASÍ. Á þessum árum hef ég öðlast töluverða reynslu og góða innsýn í heildarstarfsemi VR og um hvað félagið snýst. Ég hef setið í hinum ýmsu nefndum á vegum VR þann tíma sem ég hef verið hjá félaginu. Þar á meðal Orlofsnefnd, en orlofsmál eru eitthvað sem ég hef mikinn áhuga á. Einnig hef ég setið í Launanefnd, Vinnudeilusjóði, Laganefnd, Kjaramálanefnd auk Uppstillinganefndar vegna stjórnarsetu í Lífeyrissjóði Verzlunarmanna.

HELSTU ÁHERSLUR

Nái ég kjöri til setu í stjórn VR mun ég áfram standa vörð um grunnréttindi félagsmanna s.s. kjarasamninga, orlofsréttindi og efla sjúkra- og starfsmenntasjóð. Einnig vil ég leggja áherslu á orlofssvæði félagsmanna ásamt því að kynna betur fyrir félagsmönnum þau réttindi sem fylgja jafn sterku og öflugum félagi sem VR er. Uppbygging orlofssvæða félagsmanna hefur verið mjög góð en lengi má gott bæta. Annað sem ég hef barist fyrir síðan ég var kosin og tók sæti í orlofsnefnd er leyfi til að hafa gæludýr með sér í sumarbústaðina okkar og hefur verið bætt við fjölda húsa sem leyfa gæludýr.



Helga Ingólfssdóttir

Fæðingardagur og ár

13. desember 1961

Félagssvæði

Reykjavík og nágrenni

Netfang

Helgai@hafnarfjordur.is.

Facebook

Helga Ingólfssdóttir



Jóna Fanney Friðriksdóttir

Fæðingardagur og ár

17. ágúst 1963

Félagssvæði

Reykjavík og nágrenni

Netfang

jona.fridriksdottir@gmail.com

Facebook

Jóna Fanney Friðriksdóttir

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Ég starfa sem bókarari og bæjarfulltrúi. Ég rak eigið fyrirtæki um árabíl og hef góða reynslu af rekstri og stjórnun. Ég var framkvæmdastjóri í innflutningsfyrirtæki í nokkur ár, hef starfað við verslunarstörf og ýmis bankastörf í hlutastarfi meðfram barnauppeldi. Ég lauk verslunarprófi frá Verzlunarskóla Íslands, rekstrar- og viðskiptanámi frá Endurmenntun Háskóla Íslands og hef auk þess sótt fjölmörg námskeið í gegnum árin í tengslum við vinnu og þau verkefni sem mér hafa verið falin.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Ég hef setið í stjórn VR í þrjú kjörtímabil og sem varaformaður síðustu tvö ár. Er fulltrúi stjórnar í samninganefnd og orlofsnefnd og sit fyrir hönd VR í miðstjórn ASÍ. Ég hef gegnt fjölmörgum trúnaðarstörfum fyrir Sjálfstæðisflokkinn, var formaður fulltrúaráðs sjálfstæðisfélaganna í Hafnarfirði frá 2007-2010 og sat í Efnahags- og viðskiptanefnd flokksins í tvö ár. Ég er kjörin bæjarfulltrúi í Hafnarfirði frá 2010, formaður Umhverfis- og framkvæmdaráðs og varaformaður Fjölskylduráðs. Ég er félagi í Gildinu, félagsskap eldri skáta í Hafnarfirði.

HELSTU ÁHERSLUR

Ég hef setið í stjórn VR í 6 ár og síðustu tvö ár sem varaformaður og fulltrúi félagsins í miðstjórn ASÍ frá 2018. Ég hef áhuga á því að starfa áfram fyrir félagið að þeim fjölmörgu verkefnum sem snúa að því að bæta hag félagsmanna. Mikilvægt er að næstu kjarasamningar verði gott skref til þess að hækka lágmarkslaun og tryggja öllum félagsmönnum launahækkun í samræmi við þann virðisauka sem þeir hafa lagt til samfélagsins. Einnig að lækka skattbyrði lægstu og millitekjuhópa til leiðréttingar vegna hlutfallslegrar aukinnar skattbyrði þessara hópa á undanförunum árum. Húsnæði er grunnþörf og á húsnæðismarkaði er óviðunandi ástand. Tryggja þarf að húsnæði sé í boði á viðunandi kjörum hvort sem er á leigu- eða kaupmarkaði. Önnur stór hagsmunamál eru stytting vinnuvikunnar, sveigjanleg starfslok og að standa vaktina varðandi launamun kynjanna sem enn er til staðar. Framundan eru stórar áskoranir er varða tæknibreytingar, sem nefnd er 4. iðnbyltingin, sem mun mögulega breyta og fækka störfum og þar verður VR að standa vaktina fyrir sína félagsmenn. Mínar helstu áherslur eru jöfnuður til betra lífs og ég óska eftir stuðningi þínum til þess að vinna áfram að bættum kjörum fyrir félagsmenn VR.

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Sextán ára gömul dvaldi ég í eitt ár sem skiptinemi í Bandaríkjunum sem auðgaði líf mitt mikið, ein mikilvægasta menntun mín á lífsbrautinni. Ég öðlaðist leiðsögumannaréttindi snemma, eða árið 1986. Ung að árum hélt ég til Berlínar og lauk þar mastersgráðu í Fjölmíðla- og markaðsfræðum frá Freie Universität í Berlín, Þýskalandi árið 1992. Í dag starfa ég sem leiðsögumaður með erlenda ferðamenn auk þess að kenna við ferðamáladeild Háskólans á Hólum.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Vinna í frystihúsi og á hjólbarðaverkstæði voru fyrstu störfin mín á ungdómsárunum. Eftir nám starfaði ég sem blaðamaður, síðar lá leið mín í stjórnunarstöður. Ég hef kennt þýsku og fjölmíðlafræði í framhaldsskólum og kenni nú í ferðamáladeildinni á Hólum. Ég hef sinnt viðskiptaráðgjöf, var bæjarstjóri í nokkur ár, framkvæmdastjóri Landsmóts hestamanna og síðar framkvæmdastjóri AFS. Þegar börnin mín voru ung var ég virk innan íþróttahreyfingarinnar. Ég sat í stjórn Landverndar um árabíl (gjaldkeri) og í stjórn Almannaheilla (ritari). Ég hef setið í stjórn skiptinemasamtaka AFS (ritari/gjaldkeri) og gegnt ýmsum sjálfboðaliðastörfum í þágu félagasamtaka. Í gegnum starf mitt sem bæjarstjóri og setu í bæjarstjórn gegndi ég fjölda trúnaðarstarfa og sat í fjölda nefnda og ráða um árabíl.

HELSTU ÁHERSLUR

Málafni VR sem fjölmennasta verkalyðsfélags landsins snertir tugþúsundir fjölskyldna í landinu. Mitt hlutverk sem frambjóðandi er því að HLUSTA og heyra hvað brennur mest á fólki. Allir geta verið sammála um þann mikla vanda sem steðjar að ungu fólki í dag við að koma sér upp þaki yfir höfuðið. Ástandið er óviðunandi og hér þarf átak margra. Samtímis því að ferðaþjónustan hefur vaxið á leifturhraða hefur launum verið haldið niðri innan greinarinnar sem nú er borin upp af láglaunafólki. Úrbóta er þörf. Efla þarf fræðslu út á við til félaga m.a. með notkun samfélagsmiðla og upplýsa þá um réttindi þeirra og þá þjónustu VR sem í boði er. Stytting vinnuvikunnar er löngu brýn. Tilraunaverkefni á þessu sviði sýna samhljóða niðurstöður; afkastageta eykst, streita minnkar og lífsgæði aukast. Hljóti ég stuðning í stjórn VR mun ég starfa af heilindum að öllum þeim málum sem brenna á félagsmönnum.



Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir

Fæðingardagur og ár

19. maí 1974

Félagssvæði

Reykjavík og nágrenni

Netfang

kristjana74@gmail.com

Facebook

facebook.com/VRstjorn

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Hef starfað hjá A4 í rúm 13 ár. Er með sveinspróf í hárskurði, hef lokið skrifstofubraut 1 og 2 frá MK ásamt námskeiðum af ýmsu tagi. Er í námi í Opna Háskólanum sem heitir Vinnsla og greining gagna.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Ég hef komið víða við á vinnumarkaðinum í gegnum tíðina. Byrjaði 13 ára að vinna í sjoppu og bensínstöð á landsbyggðinni. Hef unnið í frystihúsi, saltfiski og loðnu og fór sem au-pair til Bandaríkjanna. Var rekstrarstjóri á skemmtistað í nokkur ár, vann í grunnskóla og við ýmis sölustörf. Ég var trúnaðarmaður á mínum vinnustað frá 2006-2016. Sat í trúnaðarráði VR frá 2007-2009 og 2010-2011. Sat í stjórn VR sem aðalmaður og varamaður frá 2011-2018. Ég hef setið í starfsmennta- nefnd og laganefnd VR í stjórnartíð minni og verið formaður laganefnd- ar. Einnig sat ég í umhverfisnefnd ASÍ og var varamaður í miðstjórn.

HELSTU ÁHERSLUR

Mér finnst ótrúlega gaman að fá að taka þátt í starfi VR. Á þessu sein- asta ári sem ég hef ekki verið í stjórn eða trúnaðarráði fékk ég tækifæri til að vega og meta minn þátt í starfinu. Ég finn að ég sakna þess að taka þátt og finnst ég ennþá hafa margt til málanna að leggja. Áhuginn er ennþá mikill og þess vegna langar mig að fá tækifæri til að starfa áfram fyrir félagsmenn. Ég er sérstaklega stolt af jafnréttisstaðlinum og að hafa tekið þátt í að koma honum á laggirnar. Jafnréttismál eru ofarlega á lista yfir þau mál sem mér finnst skipta miklu máli og vil ég halda áfram að vinna að því að ná fram jafnrétti á vinnumarkaði. Bæði þegar kemur að launum og tækifærum til starfa. Styttning vinnu- vikunnar er mál sem við þurfum að halda áfram að skoða. Hvernig getum við stýtt vinnuvíkuna, hverjir eru kostirnir og eru einhverjir gallar? Ég er þess fullviss að stytting vinnuvikunnar hafi jákvæð áhrif á okkur öll og sérstaklega börnin okkar. Aukið jafnvægi á milli kynja og á milli vinnu og fjölskyldu bætir og eflir samfélagið okkar.



Ólafur Reimar Gunnarsson

Fæðingardagur og ár

27. september 1954

Félagssvæði

Reykjavík og nágrenni

Netfang

reimar@isl.is

olafur.gunnarsson@is.ey.com

Facebook

Ólafur Reimar Gunnarsson

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Stúdent frá Verzlunarskóla Íslands 1976. Viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands (Cand Oecon) árið 1981. Hef starfað hjá EY (Ernst & Young ehf.) sem sérfræðingur á endurskoðunarsviði frá árinu 2002 að tveimur árum undanskildum en árin 2008 og 2009 starfaði ég hjá stoðtækjaframleið- andanum Össuri. Þar áður starfaði ég hjá PWC ehf. í nokkur ár.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Félagi í VR síðan árið 1980. Í trúnaðarráði VR í nokkur ár. Var kjörinn aðal- maður í stjórn VR 2017 en hafði setið sem fyrsti varamaður í stjórn VR þrjú ár þar á undan. Ég hef setið í nokkrum nefndum á vegum félags- ins. Ég hef verið fulltrúi á ASÍ-þingum og á þingi LÍV. Kjörinn í stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna kjörtímabilið 2016 til 2019 og er varafor- maður stjórnar sjóðsins. Sat í stjórn Félags viðskipta- og hagfræðinga 2015 -2016. Hef verið virkur þátttakandi í starfi UMF Stjórnunnar. Er félagi í Rauða Krossi Íslands og hef verið sjálfboðaliði í mörg ár. Var í stjórn Fjölsmiðjunnar og er í dag tengiliður stjórnar og starfsmanna Fjölsmiðjunnar. Er félagi í Rótarýklúbbnum Görðum.

HELSTU ÁHERSLUR

Ég hef setið sem aðalmaður í stjórn VR síðustu tvö ár og þar á undan var ég 1. varamaður í stjórninni í þrjú ár. Ég hef tekið virkan þátt í starfinu og er nú varamaður í framkvæmdastjórn sjúkrasjóðs, er aðalmaður í starfsmennta- nefnd og aðalmaður í húsnaðisnefnd félagsins. Mínar áherslur snúa að þessum málefnum.

Önnur mál sem undirritaður leggur mikla áherslu á:

- Auka ráðstöfunartekjur þeirra hópa sem ná ekki endum saman eða eru á mörkum þess.
- Þeir sem eru að nálgast starfslok hafi val um hvenær þeir vilja fara af vinnumarkaði, sveigjanleg starfslok.
- Styttning vinnuvikunnar og gera vinnuumhverfið fjölskylduvænna.
- Afnema skerðingar á barnabætur.
- Tryggja kaupmátt þeirra launa sem við fáum greidd.

Ég hef lært margt og öðlast mikla reynslu þessi ár sem ég hef starfað fyrir félagið og býð fram krafta mína enn á ný til að gera VR að enn öfl- ugra félagi. Kæri VR félagi, þitt atkvæði skiptir máli.



Selma Árnadóttir

Fæðingardagur og ár

20. desember 1994

Félagssvæði

Reykjavík og nágrenni

Netfang

selmaarnadottir@gmail.com



Sigmundur Halldórsson

Fæðingardagur og ár

17. desember 1966

Félagssvæði

Reykjavík og nágrenni

Netfang

simmix1@yahoo.com

Facebook

fb.me/betravr

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Ég lauk BSc-gráðu sem viðskiptafræðingur með tölvunarfræði sem aukagrein í febrúar síðastliðinn og starfa í dag sem rekstrarstjóri Core heildverslunar. Ég vann sem þjónustufulltrúi og síðar vaktstjóri í Hörpu á árunum 2013-2018. Starfaði hjá Skiðasvæðum höfuðborgarsvæðisins árin 2012-2017, var frístundaleiðbeinandi í sumarstarfi fatlaðra ungmenna í Hinu Húsinu sumarið 2015 og vann ýmis afgangslustörf á árunum 2007-2014. Ég hef verið félagsmaður VR frá árinu 2008 að undanskildum hluta af árunum 2012-2013 þegar ég fór út til Ítalíu sem skiptinemi. Þá tók ég að mér að sitja fundi með forstjóra og fleiri stjórnendum Hörpu í tengslum við kjarabaráttu þjónustufulltrúa Hörpu.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Í lok árs 2017 tók ég þátt í minni fyrstu kjarabaráttu ásamt öðrum þjónustufulltrúum Hörpu. Til stóð að lækka laun okkar umtalsvert á svipuðum tíma og laun forstjóra og stjórnar Hörpu voru hækkuð. Þessi barátta kenndi mér að með samstöðu, mikilli réttlætiskennnd og þrautseigju er hægt að ná árangri og hafa áhrif. Á þessum tíma sá ég hvað styrkur og stuðningur VR skipti miklu máli. Í ljósi þessa langar mig að leggja mitt af mörkum til að vinna að hagsmunum félagsmanna.

HELSTU ÁHERSLUR

Ég hef mikinn áhuga á húsnæðismálum og hef í allnokkurn tíma fylgst með leigu- og fasteignamarkaði. Ég hef aflað mér töluverðar þekkingar á þessum málaflokki og fjallaði lokaritgerð mín úr Háskólanum í Reykjavík um húsnæðisíslán með tilliti til útreikningsaðferðar vísitölu til verðtryggingar. Ég vil nýta þessa þekkingu og áhuga í að vinna að úrbótum á húsnæðismarkaðnum svo að ég og mín kynslóð komumst vonandi einhvern tímann út úr foreldrahúsum. Stytting vinnuviku og sveigjanlegri vinnutími eru málefni sem mig langar til þess að kynna mér betur og leggja áherslu á auk annarra mála er varða hagsmuni félagsmanna VR.

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Ég hef starfað við stafræna markaðssetningu, útgáfu og verkefna-stjórnun m.a. hjá Icelandair, 365 og Símanum. Ég hef lokið MA-námi í alþjóðasamskiptum frá Nottingham University í Bretlandi og BS í fjölmiðlun frá Virginia Commonwealth University í Bandaríkjunum, auk margvíslegra styttri námskeiða tengdum störfum mínum.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Ég hef verið félagsmaður í VR nánast alla mína starfsævi. Undanfarið ár hef ég verið varamaður í stjórn VR og einnig árin 2015-2017. Ég hef undanfarið ár setið í orlofs- og laganevnd VR og hef áður setið í jafnréttisnevnd VR. Auk þess hef ég setið ASÍ-þing fyrir hönd VR, var í trúnaðarráði VR 2012 og var trúnaðarmaður hjá 365 árin 2012-2013. Jafnframt hef ég setið í stjórn Samfylkingarfélagsins í Hafnarfirði, verið í vefhóp SKÝ, stjórnarmaður í SVEF og er stoltur af því að styðja við bakið á starfi Amnesty International á Íslandi.

HELSTU ÁHERSLUR

Mínar áherslur snúa að því að undirbúa okkur fyrir breytingar sem eru framundan í tengslum við 4. iðnbýltinguna. Af þeim sökum hef ég beitt mér fyrir auknu atvinnulýðræði og að starfsfólk fái sæti í stjórnnum fyrirtækja til að tryggja okkar hagsmuni í þessum miklu breytingum. Þar skiptir líka gríðarlegu máli að tryggja að okkar félagsfólk hafi aðgang að öflugum endurmenntunarkostum. Að stuðningur við félagsfólk í VR sem stendur frammi fyrir breytingum á vinnustað sé tryggður. Jafnframt er gríðarlega mikilvægt fyrir VR að sinna vel þeim félögum okkar sem ekki sinna hefðbundnum verslunarstörfum. Nú þegar heyrast hryllingssögur af meðferð á fólki sem kemur nýtt á vinnumarkað og þekkir ekki réttindi sín á íslenskum vinnumarkaði. Takmarkaður skilningur löggjafa og lagalegt umhverfi gerir þessu fólki oft erfitt fyrir. Jafnframt þurfum við að standa vörð um störf hér á landi og þann gríðarlega árangur sem við höfum náð í okkar réttindabaráttu. Þar vil ég að VR beiti sér af afli og óska eftir þínum stuðningi til þess.



Sigurður Sigfússon

Fæðingardagur og ár

1. maí 1948

Félagssvæði

Reykjavík og nágrenni

Netfang

sigggi@n1.is



Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir

Fæðingardagur og ár

8. október 1969

Félagssvæði

Reykjavík og nágrenni

Netfang

svansi1969@gmail.com

Facebook

Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Stundaði nám við Samvinnuskólann á Bifröst og framhaldsnám við Norska Samvinnuskólann. Hef setið mikið af námskeiðum m.a. í stjórnun, ljósmyndun og myndvinnslu. Gjaldkeri hjá Dalvíkurbæ 1969 en starfaði síðan fyrir Samvinnuhreyfinguna frá 1970 m.a. sem verslunar ráðunautur og útibússtjóri KÁ á Laugarvatni, stofnandi og verslunarstjóri starfsmannaverslunar Sambandsins, kennari við Samvinnuskólann á Bifröst en ráðinn til Olíufélagsins hf., ESSO/N1, árið 1983. Hef starfað þar síðan sem rekstrarstjóri bensinstöðva, svæðisstjóri, þjónustustjóri og markaðsfulltrúi en síðustu árin fyrir Starfsmannafélag N1.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Formaður Starfsmannafélags ESSO frá 2000-2004. Í stjórn og síðar formaður deildar Samvinnustarfmanna í VR. Tók ég sæti í stjórn VR þegar deildin var lögð niður 1996, fyrst sem varamaður, en aðalmaður í stjórn frá 2000. Hef verið formaður sjúkrasjóðs. Setið í laganeft VR og í stjórn Samvinnulífeyrissjóðsins/Stafa lífeyrissjóðs um árabíl. Formaður stjórnar orlofssjóðs VR frá 2012 og í störfum mínum fyrir VR hef ég helst beitt mér á þeim vettvangi undanfarin ár.

HELSTU ÁHERSLUR

Á síðustu 4 árum hefur 21 eign bæst við þau 41 orlofshús og íbúðir sem Orlofssjóður VR átti fyrir. Þar af 12 á síðasta ári. Ein ástæða fyrir því að ég býð mig aftur fram til stjórnarsetu fyrir VR er að mig langar, sem formaður Orlofssjóðs, að halda þessari uppbyggingu áfram. Í kjaramálum mun ég áfram standa vörð um þá stefnu að koma á stöðugleika á Íslandi og um leið að tryggja kaupmátt þeirra launa sem við fáum greidd. Hækkun á persónuafslættinum kemur okkur öllum til góða. Krónutala í stað %-hækkana er réttlætismál. Tilraunaverkefni hjá Reykjavíkurborg með styttingu vinnuvikunnar hefur gefið góða raun og er nokkuð sem við hjá VR munum taka inn í okkar kröfugerð. Jafnlaunavottunin er mikilvægt tæki í baráttunni fyrir launajöfnuði kynjanna og jafnrétti. Gera þarf breytingar á Varasjóði VR með það að markmiði að hann þjóni betur þeim félagsmönnum sem eru á lægstu laununum. Ég hef beitt mér fyrir úrbótum á þessu sviði og mun halda því áfram. VR veitir félagsmönnum sínum mikla og góða þjónustu og er ég stoltur af störfum mínum fyrir félagið á undanfönum árum og óska eftir umboði til að halda því starfi áfram.

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Ég starfa hjá fjölmiðlafyrirtækinu Sýn hf. sem sölustjóri sjónvarpsmiðla. Ég hef unnið við fjölmiðla í 29 ár eða allt frá árinu 1990 við útvarp, prentmiðla og sjónvarp. Á þessum tíma hef ég meðfram starfi mínu stjórnað vinsælum útvarpsþáttum á Bylgjunni ásamt fleiri spennandi verkefnum. Ég útskrifaðist frá Kennaraháskóla Íslands með B.ed-gráðu árið 1999, árið 2009 lauk ég diplomagráðu í Mannauðsstjórnun frá Háskóla Íslands og vorið 2016 útskrifaðist ég frá Promennt úr sölu- og markaðsfræði.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Ég hef alla tíð haft mikinn áhuga á félagsmálum og setið í mörgum nefndum í gegnum tíðina. Ég var forseti starfsmannafélags 365 miðla í 9 ár, auk þess sem ég gegndi starfi trúnaðarmanns á sama vinnustað til margra ára. Í gegnum starf mitt sem forseti starfsmannafélagsins vann ég náið með starfsfólki og stjórnendum félagsins og var sá tími mér bæði reynsluríkur og dýrmætur. Ég sat í stjórn VR í fjögur ár eða frá árunum 2014-2018 og sinnti á því tímabili nefndarstörfum í launaneftnd og jafnréttis- og starfsmenntanefnd. Frá árinu 2017 hef ég setið í stjórn Landssambands íslenskra verslunarmanna.

HELSTU ÁHERSLUR

Ég tel áriðandi að upplýsa VR-félaga um réttindi sín og efla þannig þátttöku þeirra í félaginu. Jafnrétti er mér hjartans mál en kynbundinn launamunur innan VR er því miður enn 10% skv. launakönnun félagsins 2018. Það er því mikilvægt að vinna markvisst að því að útrýma launamun kynjanna og styrkja konur til sóknar. Ég tel mikilvægt að hvetja félagsmenn til að nýta sér starfsmenntunarsjóð til að styrkja stöðu sína á vinnumarkaði. Með aukinni menntun aukast atvinnu- og launamöguleikar en þýðingarmikið er að atvinnurekendur standi með því að auka og efla stafsmentun í landinu og starfsmenn sjái það í formi hærri launa og stöðuhækkunnar. Aukinn kaupmáttur, lengra fæðingarorlof, að leita lausna á húsnæðisvandunum og stytting vinnuvikunnar eru málefni sem ég læt mig varða. Það er mikilvægt að í stjórn stærsta stéttarfélags landsins sitji heiðarlegur og sanngjarn talsmaður félagsmanna, það tel ég mig vera.



Þorvarður Bergmann Kjartansson

Fæðingardagur og ár

2. mars 1992

Félagssvæði

Reykjavík og nágrenni

Netfang

thoddi@outlook.com

Facebook

ThorvarðurVR2019

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Ég vinn hjá Prógramm sem tölvunarfræðingur. Lærði tölvunarfræði í HR og viðskipta- og hagfræði í MK.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Ég vann sem sölumaður í Elko í rúm 4 ár og á undan því 6 og hálf ár í kjöttborði í Nótatúni. Ég hef verið félagi í VR í næstum 12 ár.

HELSTU ÁHERSLUR

Fyrir mér er það óumflýjanleg grunnkrafta að fólk geti framfleytt sér með reisu á launum sínum og þarf því að lyfta gólfinu með krónu-töluhækkunum frekar en prósentum. VR þarf að þrýsta á ríkið að hækka skattleysismörk og í staðinn að skattleggja fjármagnstekjur og hátekjur í meira mæli enda er það óásættanlegt að þeir ríkustu séu með minni skattbyrði en vinnandi fólk. Þrýsta þarf á ríkið um að Landsbankinn verði gerður að samfélagsbanka sem ekki er rekinn í gróðaskyni. Lýðræðisvæða þarf lífeyrissjóðina svo sjóðsfélagar geti kosið stjórnir þeirra og stefnu. Ég vil að lýðræðisvæðing vinnustaðarins sé stefnumál VR og að VR stuðli að fræðslu um rekstur fyrirtækja sem eru fyllilega í eigu starfsfólks. Ég er ánægður með forystu Ragnars Þórs Ingólfssonar. Hann hefur endurvakið verkályðshreyfinguna og er ég spenntur fyrir því að byggja ofan á það sem hann hefur uppskorið.

LISTI STJÓRNAR OG TRÚNAÐARRÁÐS 2019–2021

Samkvæmt lögum VR gerir uppstillinganefnd félagsins tillögu um skipan í trúnaðaráð. Í lögum VR um kosningu formanns, stjórnar og trúnaðarráð segir:

Trúnaðarráðsfundur VR sem var haldinn mánudaginn 21. janúar 2019 samþykkti listann einróma.

Framboðsfrestur til að skila inn framboðslistum til trúnaðarráðs fyrir kjörtímabilið 2019-2021 rann út á hádegi föstudaginn 18. janúar 2019. Einn listi barst, listi stjórnar og trúnaðarráðs VR.

Þar sem ekki bárust fleiri framboðslistar telst þessi listi réttkjörinn í trúnaðarráð VR. Listinn er birtur í heild sinni hér að neðan:

NAFN

Anna Þórðardóttir Bachmann
Álfhildur Sigurjónsdóttir
Árni Leósson
Áslaug Alexandersdóttir
Birgir Már Guðmundsson
Birgitta Ragnarsdóttir
Björg Gilsdóttir
Björgvin Ingason
Björn Axel Jónsson
Erla María Vilhjálmsdóttir
Freyja Lárusdóttir
Guðlaug Rúna Guðmundsdóttir
Guðlaugur Sæmundsson
Guðrún Jóna Valgeirsdóttir
Halldóra María Steinarsdóttir
Hilmar Kristjánsson
Ingimar Þorsteinsson
Jakob Þór Einarsson
Jóhann Már Sigurbjörnsson
Jón Guðmundur Björgvinsson
Jón Hrafn Guðjónsson
Kjartan Már Mátsson
Kristinn Örn Jóhannesson
Óskar Guðmundsson
Páll Örn Lindal
Ragnar Orri Benediktsson
Selma Kristjánsdóttir
Sesselja Jónsdóttir
Sigrún Guðmundsdóttir
Sigurbjörg Þorlákssdóttir
Silja Hlín Guðbjörnsdóttir
Soffía Óladóttir
Stefán Viðar Egilsson
Steinar Viktorsson
Steinunn Böðvarsdóttir
Steinþór Ásgeirsson
Sveinbjörn F Pétursson
Valva Árnadóttir
Þorsteinn Þórólfsson
Þóra Kristín Halldórsdóttir
Þröstur Ríkarðsson

VINNUSTAÐUR

PricewaterhouseCoopers ehf.
DHL Express Iceland ehf.
VR
Byko ehf.
SORPA bs.
Icetransport ehf.
Aðalskoðun hf.
Teitur Jónasson ehf.
Melabúðin ehf.
Distica hf.
VIRK-Starfsendurhæfingarsj.
Hagkaup
Íslandshótel hf.
Icepharma hf.
Byko ehf.
Nordic Visitor hf.
Marel Iceland ehf.
VR
Bændasamtök Íslands
Origo hf.
Flügger ehf.
Ísaga ehf.
Grand Circle Iceland ehf.
Samskip hf.
Festi hf.
Ríkisútvarpið ohf.
VR
Forlagið ehf.
Miklatorg hf.
Bókhald og þjónusta ehf.
Nordic Visitor hf.
Egilsson ehf.
Tengi ehf.
Húsasmiðjan ehf.
VR
Kortþjónustan hf.
Ormsson ehf.
Penninn ehf.
Húsasmiðjan ehf.
SERVIO ehf.
Ásbjörn Ólafsson ehf.



ORLOFSHÚS VR

Fyrsta orlofshús VR var tekið í notkun í Ölfusborgum árið 1965. Nú eru alls 64 hús í eigu VR og leigir félagið að jafnaði um 20 hús að auki yfir sumarmánuðina. Upplýsingar um þau hús eru jafnóðum birtar á vef VR. Markmiðið er að auðvelda félagsmönnum að njóta orlofs og hvíldar. Leitast er eftir fremsta megni að koma til móts við þarfir félagsmanna með bættri þjónustu.

ORLOFSHÚS VR ERU Á EFTIRFARANDI STÖÐUM

Í Miðhúsaskógi – 26 hús og tjaldsvæði fyrir félagsmenn VR

Einarsstaðir – 3 hús

Húsafell – 6 hús

Vestmannaeyjar – 1 hús

Kirkjubæjarklaustur – 1 hús

Akureyri – 12 íbúðir

Ölfusborgir – 3 hús

Reykjavík – 3 íbúðir og hótélgisting

Flúðir – 4 hús

Grímsnes – 2 hús

Stykkishólmur – 1 hús

Fljótshlíð – 2 hús

GÆLUDÝR LEYFÐ Í FLEIRI HÚSUM FRÁ 1. JÚNÍ 2019

Gæludýr eru velkomin í hús nr. 29 og 30 á Flúðum og í hús nr. 1-8, 24 og 25 í Miðhúsaskógi, í hús nr. 21 á Lækjarbakka, hús nr. 9-12 í Húsa-felli og hús nr. 16 á Hellishólum. Þá eru gæludýr leyfð á tjaldsvæði VR í Miðhúsaskógi. Annars staðar eru gæludýr ekki leyfð. Lausaganga gæludýra er með öllu óheimil á orlofssvæðum VR. Vinsamlega virðið reglur varðandi gæludýr og takið tillit til annarra. Á öllum húsum VR eru stubbahús sem gestum ber að nota, en reykingar eru ekki leyfðar í orlofshúsum VR.

REGLUR ORLOFSHÚSA VR

- Húsið er leigt með húsgögnum, eldhúsbúnaði og öðrum lausamunum.
- Leigjandi ber ábyrgð á öllum búnaði hússins meðan á leigu-tíma stendur og skuldbindur sig til þess að bæta tjón sem verða kann af hans völdum eða þeirra sem dvelja á hans vegum í húsinu á leigutíma.
- Leigjandi skal ganga vel um hús og umhverfi, þrifa húsið við brottför og sjá um að hver hlutur sé á sínum stað. Sé því ábótavant áskilur VR sér rétt til að innheimta sérstakt gjald fyrir þríf.
- Leigjandi skal skila af sér orlofshúsi á uppgefnum tíma skv. samningi.
- Leigjandi þarf að hafa með sér handklæði, sápu, viskastykki, sængurver, lök og koddaver.
- Dvalargestir eru beðnir um að forðast hávaða með bílaumferð á orlofshúsasvæðinu og taka tillit til annarra gesta.
- Leigjandi skal ganga vel um staðinn og gæta þess að spilla ekki gróðri eða landi á nokkurn hátt.

Vetrartímabil orlofshúsa VR er frá 2. september til 31. maí. Á þeim tíma er komutími kl. 14.00 og brottför kl. 12 nema sunnudaga kl. 19.00.

Sumartímabilið er frá 31. maí til 30. ágúst. Á þeim tíma er komutími kl. 17.00 og brottför kl. 12.00 nema sunnudaga kl. 19.00.

ELDRI FÉLAGSMENN ATHUGIÐ!

Félagsmenn 67 ára og eldri frá 20% afslátt af leigu. 




Eðli verslunarstarfa mun breytast mun meira með aukinni netverslun og öðrum nýrri tækninýjungum en sjálfsafgreiðslukössum dagsins í dag.



VERSLUNARSTÖRF FRAMTÍÐARINNAR

Texti: Árni Sverrir Hafsteinsson

Fyrir nokkrum árum vísaði hugtakið sjálfsafgreiðsla í verslunum til þeirrar breytingar sem varð upp úr seinni hluta síðustu aldar þegar neytendur fóru að raða sjálfir í vörukörfur sínar í stað þess að fá vörur afgreiddar yfir búðarborðið. Hugtakið hefur þróast en sjálfsafgreiðslukassar, þar sem neytendur taka sér hlutverk afgreiðslufólks, hafa rutt sér til rúms í nágrannalöndum okkar síðustu tvo áratugi. Það er raunar verðugt rannsóknarefni hve hægt þróunin hefur verið hérlandis, enda Íslendingar nýjungagjarnir og greiðslukortanotkun almennari en annars staðar í heiminum. Það er eiginlega fyrst núna þegar neytendur hafa lært að afgreiða sig sjálfa í netverslunum að þessi gamla tækni virðist hafa hafð innreið sína á markaðinn á Íslandi. Þetta er þó ekki sú þróun sem mun breyta eðli verslunarstarfa til framtíðar enda leysa sjálfsafgreiðslukassar einungis lítinn hluta starfsmanna verslana af og einungis í verslunum þar sem neytendur koma mjög reglulega, líkt

og í dagvöruverslunum. Þessari þróun má líkja við það þegar bensín-sjálfsalarnir komu, áhrifin voru vissulega einhver en takmörkuð þó. Eðli verslunarstarfa mun breytast mun meira með aukinni netverslun og öðrum nýrri tækninýjungum en sjálfsafgreiðslukössum dagsins í dag. Netverslun krefst annars konar starfsfólks en búðir, en sem dæmi þarf mun herra hlutfall fagmenntaðs og sérhæfðs starfsfólks í netverslunum en búðum. Þá munu sjálfvirkar lausnir líkt og hin alsjálfvirka búð Amazon Go gefa leiðarsteifið í þróun næstu ára. Þetta þýðir þó ekki endilega stórkostlega fækkun verslunarstarfa. Breytt viðhorf og aukinn kaupmáttur neytenda þýðir að upplifunarþáttur verslunarferða verður sífellt mikilvægari. Þannig verða verslunarferðir framtíðarinnar lifandi og spennandi en aldrei leiðinlegar og einsleitir. Það má leiða að því líkum að meginbreytingin verði líklega ekki á fjölda starfa við verslun heldur eðli þeirra starfa sem unnin eru. 

HVAÐ ER STARFSMENNTASJÓÐUR VERSLUNAR- OG SKRIFSTOFUFÓLKS?

STARFSMENNTASJÓÐUR

STARFSMENNTASTYRKUR

90% af skráningargjaldi – hámark 130.000 kr. á ári.

- Starfstengd námskeið.
- Starfstengd netnámskeið.
- Almenn nám til eininga.
- Tungumálanámskeið.
- Sjálfstyrkingarnámskeið innanlands (sem er ekki hluti af meðferðarúrræði).
- Ráðstefnur sem tengjast starfi umsækjanda.
- Stjórnendaþjálfun/starfstengd markþjálfun.

FERÐASTYRKUR

50% af fargjaldi – hámark 40.000 kr. á ári.

Dregst frá hámarksstyrk.

- Þegar félagsmaður þarf að ferðast meira en 50 km til þess að komast frá heimili til fræðslustofnunar getur hann sótt um ferðastyrk.

TÓMSTUNDASTYRKUR

50% af námskeiðsgjaldi – hámark 30.000 kr. á ári.

Dregst frá hámarksstyrk. Hefur ekki áhrif á uppsöfnun.

- Námskeið sem hafa skilgreint upphaf, endi og leiðbeinanda.
- Aðeins er hægt að sækja um styrk vegna tómstundanámskeiða sem haldin eru innanlands.

SAMEIGINLEGUR STYRKUR EINSTAKLINGA OG FYRIRTÆKJA

Félagsmanni og fyrirtæki gefst kostur á að sækja um sameiginlegan styrk til sjóðsins ef nám félagsmanns kostar 200.000 kr. eða meira. Þá er réttur einstaklings og réttur fyrirtækis nýttur á móti hvor öðrum. Umsókn er afgreidd eftir reglum sjóðsins um starfstengda styrki.

HVAÐ FELLUR UNDIR STARFSTENGDA STYRKI?

NÁMSKEIÐ

Námskeið sem tengist starfi viðkomandi félagsmanns og starfstengt netnám.

Ef óljóst er hvernig námskeiðið tengist starfi viðkomandi verður rökstuðningur að fylgja umsókninni. Skilyrði fyrir starfsmenntastyrk er að félagsmaðurinn greiði sjálfur námskeiðsgjald/ráðstefnugjald og þurfa greiðslukvittanir að fylgja umsóknum.

SJÁLFSTYRKINGARNÁMSKEIÐ

Athugið að Starfsmenntasjóðnum er ekki ætlað að styrkja námskeið sem hafa það að markmiði að vinna með heilsubrest einstaklinga. Námskeið sem eru hluti af meðferðarúrræðum vegna heilsubrests eru því ekki styrkt sérstaklega af sjóðnum.

NÁM

Nám til eininga og réttinda, ráðstefnugjald erlendis og innanlands og tungumálanámskeið. Athugið að hvorki er veittur styrkur vegna gistingar né uppihalds tengt starfsmenntuninni. Vegna starfstengdra ráðstefna erlendis og innanlands þarf dagskrá ráðstefnu að fylgja umsókn og tengill á heimasíðu.

STJÓRNENDAÞJÁLFUN

Stjórnendaþjálfun / starfstengd markþjálfun, að hámarki 12 tímar innan almanaksárs. Á reikningi verður að koma fram að þjálfunin sé starfstengd og fjöldi tíma.

HVAR SÆKI ÉG UM STYRK Í STARFSMENNTASJÓÐ?

Hjá þínu stéttarfélagi.

HVERSU LENGI Á ÉG RÉTT Í STARFSMENNTASJÓÐI VERSLUNAR- OG SKRIFSTOFUFÓLKS?

Það fer eftir því hvenær greiðslur hætta að berast. Ef greiðslur hafa ekki borist í 6 mánuði þá falla réttindi niður.

Nánari upplýsingar er að finna á [vr.is](#)

ATVINNUREKENDUR
greiða 0,3% af
launatengdum gjöldum

+

STÉTTARFÉLÖG
greiða mótframlag
1/4 af framlagi
atvinnurekenda

=

RÉTTUR Í
STARFSMENNTASJÓÐ
er meðaltal af inngreiðslu
sl. 12 mánuði



DIPLÓMANÁM Í VIÐSKIPTAFRÆÐI OG VERSLUNARSTJÓRNUN

Diplómanám í viðskiptafræði og verslunarstjórnun er tveggja ára dreifnám með vinnu og eru grunnnámskeið þess Birgða-, vöru- og rekstrarstjórnun, Kaupmennska og Verslunarréttur sem eru sérstaklega hannaðir fyrir nám í verslunarstjórnun. Einnig taka nemendur námskeið í rekstrarhagfræði, stjórnun, mannauðsstjórnun, þjónustustjórnun og reikningshaldi ásamt einu valnámskeiði sem nú þegar eru kennd til BS-gráðu í viðskiptafræðum við Háskólann á Bifröst og í Háskólanum í Reykjavík. Hægt er að sitja námskeiðin þar sem námsmanni hentar, hvort sem er í staðnámi í HR eða í fjarnámi frá Bifröst. Námið byggir á ítarlegri greiningu á starfi verslunarstjóra og veitir góðan grunn í viðskipta- og verslunarrekstri.

Hluti af náminu verður í formi vinnustofa þar sem stjórnendur úr atvinnulífinu greina frá því helsta sem er að gerast í starfsgreininni. Sérstakur náms- og starfsráðgjafi vinnur með nemendahópnum og veitir ráðgjöf.

Nýr hópur kom inn í námið 8. febrúar síðastliðinn með vinnuhelgi á Bifröst. Vinnuhelgin markar upphaf fyrsta námskeiðsins í náminu sem er Birgða-, vöru- og rekstrarstjórnun. Námskeiðið er eitt af þremur sérniðnum námskeiðum námsins og eru þau öll þrjú kennd í fjarnámi. Næsta sérniðna námskeið verður í umsjón Háskólans í Reykjavík. Nemendur geta valið hvort þeir sitji önnur skyldunámskeið í staðnámi í HR eða í fjarnámi hjá Bifröst. [vnr](#)



VISSIR ÞÚ AF LEIÐ 3?

Þrjár leiðir til að sækja um styrk í Starfsmenntasjóð verslunar- og skrifstofufólks og Starfsmenntasjóð verslunarinnar. **Einungis er hægt að sækja um eina leið af þessum þremur.**

Leið 1

Félagsmaður sækir nám/námskeið, greiddur reikningur er á nafni félagsmanns. Félagsmaður sækir um styrk hjá sínu stéttarfélagi. Félagsmenn VR sækja um á Mínum síðum á www.vr.is og láta greiddan reikning fylgja umsókn. Félagsmaður fær styrk greiddan á sinn reikning.

Leið 2

Fyrirtæki greiðir fyrir nám/námskeið félagsmanna og sækir um í sjóðinn vegna þeirra gegnum www.attin.is. Greiddur reikningur á nafni fyrirtækis fylgir með umsókn ásamt upplýsingum um þátttakendur náms/námskeiða. Fyrirtæki fær styrk greiddan á sinn reikning.

Leið 3

Sameiginlegur styrkur einstaklings og fyrirtækis. Einstaklingur sækir nám/námskeið og það skiptir ekki máli hvor greiðir reikninginn, einstaklingurinn eða fyrirtækið. Sótt er um sameiginlega í sjóðinn ef nám/námskeið kostar 200 þús. eða meira eða vegna diplómanáms í viðskiptafræði og verslunarstjórnun. Undirrituð yfirlýsing fyrirtækis verður að fylgja með umsókn. Einstaklingur sækir um hjá sínu stéttarfélagi, félagsmenn VR sækja um gegnum Mínar síður á www.vr.is og haka við sameiginlega umsókn. Einstaklingsumsóknin gildir einnig vegna styrks til fyrirtækisins. Umsóknir eru afgreiddar eftir reglum sjóðsins um starfstengt nám.

Við samþykkt umsóknar dregst styrkupp hæðin af rétti bæði félagsmanns og fyrirtækis og greiðist inn á reikning beggja aðila. Hámarksstyrkur getur samtals orðið sem nemur hámarksrétti einstaklings og hámarksrétti fyrirtækis.

Sjá nánar ákvæði um hámarksstyrk og uppsafnaðan styrk einstaklinga og fyrirtækja á www.starfsmennt.is. 

SAMEIGINLEGUR STYRKUR EINSTAKLINGS OG FYRIRTÆKIS

Einstaklingar sækja um styrk til VR eða síns stéttarfélags innan LÍV.



KOSTNAÐUR

Nám verður að kosta að lágmarki 200.000 kr.



REIKNINGUR

Það skiptir ekki máli hvort fyrirtæki eða einstaklingur greiðir reikninginn.



UMSÓKN

Einstaklingur sækir um styrkinn til VR eða stéttarfélags innan LÍV og sendir yfirlýsingu fyrirtækis með umsókn. Í yfirlýsingu frá fyrirtæki skal koma fram að um sé að ræða sameiginlega umsókn og að námið sé hluti af starfsþróunar-áætlun starfsmannsins.



AFGREIÐSLA

Miðað er við 50/50 við afgreiðslu sameiginlegs styrks en ef félagsmaður á uppsöfnun þá er hún nýtt fyrst og svo réttur fyrirtækis.



ÚTBORGUN

Styrkur greiðist inn á reikning félagsmanns og einnig inn á reikning fyrirtækis.



UPPHÆÐ STYRKS

Styrkur er aldrei hærri en 90% af námsgjaldi – hámark 130.000 kr. á hvern nema í uppsöfnun einstaklings, þá 390.000 kr. til einstaklings og hámark 130.000 kr. til fyrirtækis en þó aldrei hærri en 90% af námsgjaldi.



TRÚNAÐARMAÐURINN BERGDÍS INGIBERGSÐÓTTIR

Aldur: 36 ára

Vinnustaður: Fosshótel Reykjavík

HVAÐ HEFURÐU UNNIÐ LENGI HJÁ FOSSHÓTEL REYKJAVÍK?

Ég hóf störf í september 2017 sem þjónustufulltrúi í ráðstefnudeild.

HVAÐ HEFURÐU VERIÐ LENGI TRÚNAÐARMAÐUR?

Ég var kosin trúnaðarmaður í mars 2018.

HVERNIG FRÆÐSLU HEFURÐU SÓTT ÞÉR SEM TRÚNAÐARMAÐUR?

Ég er mjög dugleg að skoða vef VR og fylgist með þegar nýjar fréttir koma þar inn. Einnig sendi ég reglulega tölvupósta á starfsmenn VR þegar mig vantar upplýsingar fyrir annað hvort mig eða samstarfsmenn. Ég er líka búin að fara á námskeið fyrir nýja trúnaðarmenn sem var haldið í fyrrahaust. Ég var einnig búin að skrá mig á Kjaramálanámskeið í fyrra en þurfti að afbóka mig vegna veikinda. Ég er því mjög ánægð með að sama námskeiðið verður aftur núna í mars og er ég búin að skrá mig á það. Ég ætla líka á námskeiðið Sjóðir og þjónusta. Það skiptir mig miklu máli að fræðast um alla þjónustu og réttindi félagsmanna svo ég geti miðlað þeim upplýsingum áfram til samstarfsfélaga minna.


HVERNIG KEMURÐU UPPLÝSINGUM Á FRAMFÆRI VIÐ SAMSTARFSFÉLAGA ÞÍNA VARDANDI STYRKI OG AÐRA ÞJÓNUSTU SEM ER Í BOÐI HJÁ VR?

Ég ræði við fólk. Ég hef sjálf nýtt mér starfsmenntasjóðinn minn og ég reyni að hvetja samstarfsfélaga mína til að kynna sér hann ef það er að hugsa um nám eða námskeið. Og líka að athuga hvort það er eitthvað sem þau langar að gera eða læra því það er þá hægt að nota styrkina í það sem hjálpar alveg gríðarlega og hvetur fólk jafnvel til að taka skrefið og byrja í einhvers konar námi eða fræðslu.

FINNST ÞÉR ÞÚ HAFU LÆRT EITTHVAÐ AF ÞVÍ AÐ VERA TRÚNAÐARMAÐUR?

Já ég hef lært mjög mikið á þessum tíma. Þegar ég byrjaði sem trúnaðarmaður vissi ég mjög takmarkað um starfsemi VR nema það allra helsta. Núna hef ég aflað mér þekkingar á allskonar málum og get miðlað þeirri vitneskju áfram. Það er líka hellingur sem ég á eftir að læra og ég hlakka til að takast á við það.

HVAÐ GERIRÐU Í FRÍTÍMA ÞÍNUM?

Ég hef því miður ekki mikinn frítíma eins og er þar sem ég er í fullu námi í háskólabróu Keilis samhliða vinnunni. En þegar tækifæri gefst þá þykir mér skemmtilegast að verja tíma með fjölskyldunni og förum við mikið í sund saman. Einnig þykir mér mikilvægt að rækta samband við vini og vandamenn og reyni eftir fremsta megni að gefa mér tíma í það. 

NÁMSKEIÐ FYRIR TRÚNAÐARMENN

KJARAMÁLANÁMSKEIÐ

20. mars kl. 9.00-12.00

Athugið að námskeiðið er aðeins ætlað trúnaðarmönnum VR

Leiðbeinendur: Sérfræðingar á kjaramálasviði VR

VR leggur áherslu á að trúnaðarmenn fái allar helstu upplýsingar er snúa að kjaramálum félagsmanna. Þetta námskeið er hluti af þeirri stefnu en hér verður farið yfir helstu atriði kjarasamninga svo sem veikindarétt, uppsagnir, orlof, vinnutíma og áunnin réttindi. Hér gefst trúnaðarmönnum tækifæri til þess að ræða saman, deila reynslu sinni og fá svör við spurningum sínum. Sérlega gagnlegt námskeið sem enginn trúnaðarmaður ætti að láta fram hjá sér fara.

Námskeiðið verður haldið í sal VR á 0. hæð í Húsi verslunarinnar. Léttur morgunverður í boði.

SJÓÐIR OG ÞJÓNUSTA

2. apríl kl. 9.00-12.00

Athugið að námskeiðið er aðeins ætlað trúnaðarmönnum VR

Leiðbeinandi: Selma Kristjánsdóttir, sérfræðingur á þróunarsviði VR

Þjónusta VR er víðtæk og varðar alla félagsmenn. Á þessu námskeiði verður farið yfir þjónustuliði eins og VR varasjóð, Sjúkrasjóð, Orlofs-sjóð og Starfsmenntasjóð. Auk þess er farið yfir helstu þætti starfsendurhæfingarsjóðsins VIRK. Fulltrúar frá hverjum þjónustulið heimsækja námskeiðið, veita upplýsingar og svara spurningum. Námskeiðið er kennt með fræðslu, umræðum og hópavinnu í bland. Þátttakendur eru þjálfaðir í að nýta þau verkfæri og þær leiðir sem eru fyrir hendi til þess að sækja upplýsingar um þjónustu VR. Lögð er áhersla á þátttöku á námskeiðinu.

VR skorar á alla trúnaðarmenn að sækja námskeiðið þar sem þekking á þessum þáttum er mikilvæg.

Námskeiðið verður haldið í sal VR á 0. hæð í Húsi verslunarinnar. Léttur morgunverður í boði.

Nánari upplýsingar er að finna á www.vr.is






KLUKK – TÍMASKRÁNINGARAPP

Tímaskráningarappið Klukk er gefið út af Alþýðusambandi Íslands. Hugmyndin að appinu varð til vegna ábendinga frá stéttarfélögum sem fá upplýsingar um deilur vegna vinnutíma. Auk þess hafa nemendur rætt slík vandamál þegar fulltrúar VR hafa farið í fræðsluheimsóknir í grunn- og framhaldsskóla. Með útgáfu Klukk-appsins er verkalyðshreyfingin einnig að svara óskum unga fólksins um auðvelda skráningu á vinnutíma. Klukk-appið nýtist eins og hvert annað samtímaskráningar-sönnunargagn ef deilur um vinnutíma koma upp.

Klukk er einfalt tímaskráningarapp fyrir snjallsíma sem hægt er að sækja í Apple store eða Play store og er ókeypis. Appið er ætlað launafólki en með því skráir notandinn vinnutíma sína og hefur þannig yfirsýn yfir unnar vinnustundir sem er svo hægt að bera saman við greiddar stundir á launaseðli og/eða tímaskýrslur frá atvinnurekanda. Þá er í Klukk hægt að setja inn staðsetningu vinnustaðar með því að virkja staðsetningarbúnað sem minnir notandann á að „Klukka“ sig inn og út. Appið býður einnig upp á að senda tímaskýrslur hvenær sem er. Upplýsing-

arnar í Klukk snúa fyrst og fremst að vinnutíma notanda og eru aðeins aðgengilegar notandanum.

Hægt er að vera með fleiri en einn atvinnurekanda skráðan í appinu og því hægt að „Klukka“ sig inn hjá mismunandi atvinnurekendum sama daginn. Þar sem Klukk er með staðsetningarbúnað þarf að vera til staðar nettenging til þess að „Klukka“ sig inn og út en við innskráningu þarf einnig að tengjast netþjóni til að sækja gagnaupplýsingar um notendanafn og lykilorð. Á auðveldan hátt er hægt að halda utan um veikindadaga en þó ber að hafa í huga að atvinnurekandinn sér ekki skráningarnar í Klukk-appinu og ber að tilkynna veikindi til hans með réttmætum hætti. Auðvelt er að breyta skráningunni ef það gleymist að „Klukka“ inn eða út en slíkar breytingar verða alltaf sýnilegar sem eftiráskráning eða leiðrétting.

Klukk fylgir íslenskum lögum um meðferð persónuupplýsinga og ítrasta öryggis er gætt í meðferð þeirra. 



KLUKK

KLUKK-INN | KLUKK-ÚT



VERTU MEÐ VINNUTÍMANA Á HREINU

Klukk er frítt tímaskráningarapp fyrir launafólk. Þú skráir vinnutímana þína með einum smelli í Klukk og veist þá nákvæmlega hversu mikið þú vinnur og hvenær. Hægt er að virkja staðsetningarbúnað í appinu sem minnir þig á að klukka þig inn eða út. Náðu þér í Klukk í AppStore eða á GooglePlay.

Nánar á asi.is/klukk









Now also in English



Teraz także w języku polskim

KROSSGÁTAN

				Fri- stundar krossgátur ©	STAUTAR	Í KOLLA- FIRÐI	ÁVITUR	MÖGL		KALLA	STANS- AD	GÆLU- NAFN VAL- GERÐAR	SJÓR	GÖTU Í RVÍK	BISK- UPS- DÆMI
				MED HÆGD					RADD- STERKS	1					
				GRIPU					ÍRAFÁR HÚÐ- KEIPUR						
				ÁVOXT- UR			2				ER TIL HÖFUÐ- BÓLS				
				FJAR- STÆÐA FRÁ KÚRD- ISTAN						MAS SNUPP- UR					
	ALÞYÐU- FÓLKI	FLYTJID Á HESTI			SKEMM- AST Í FROSTI AÐ				VIÐUR- KENNA Í MUNNI					Í PÓST- ÁRITUN GRÓÐ- URS	
EIGNIR LÁTINS	4			FERÐAR SALT AF SÝRU			3	MÆLA KINDUR				TÍSKU- PILTUR GELD- NAUTS- INS			
GÖNGUR						VÆNDUR UM ÁLPAST				5				LÆS- INGUM	SKJÁLFA
GAMALS TÍMABÍLS							ÚTTEKT Á NOTU BORGAD		HAKK- AST EFTIR- FARANDI						
ÝRING					KONU- NAFN TOGAÐU						TRUFLI TILKOMU- LITILL				
LOSTI					GEFUR AGÓÐA SJA UM						NAG MÓT- TÆKI- LEGT				
ÁRÁSA						KOPARS- INS LÉST				7			ÁHALD Í BÁTÍ JARD- EIGN- UNUM		
	SPILLA	ÆTUR PENINGA- EIGN					RÚMSJÓ HIRSL- UNA					BERG- MALA SKÍT- VERKS			
UMFRAM	6		LÝSIR SÁRS- AUKA	ALLS- NÆGTIR SÖNGL				ANGAD HELLAN						LÍF- FÆRINU	FEITAR
Á EFTIR- ÞREMUR						HIK FLÓNUM			TÓNBIÐ STRAX						
ROT		EYSILL DAUFT LJÓÐ					JNNYFLI UR FISKI FUGLS- MAGA				VATNA- GRÖÐRI KROT				
DVEL- URÐU			8		RYKKT- UR TIL REIÐ							ÍSKUR SPIL		9	
KRAKKA- NÓRA					BADSINS HRÆÐ- AST										
ÞVER- SLÁR				FUGL- ARNIR			10				FILTER- INN				
SKEL				LJÓÐ- FÆRIN							Ó- BREYTT- UR				



VERÐLAUN FYRIR RÉTTA LAUSN KR. 15.000

Lausnin á síðustu krossgátu er: „hermaður“.

Vinningshafi krossgátunnar úr síðasta VR blaði var **Sólveig Björk Einarsdóttir**. Sólveig starfar hjá Vistor í Garðabæ sem markaðs-
stjóri og verkefnastjóri og segir það mjög góðan vinnustað. Í frítíma sínum leggur Sólveig áherslu á fjölskylduna, útiveru í náttúru
Íslands og ferðalög. Fjallgöngur, hjólatúrar, skíði og í raun öll útivist er best til að slaka á og hlaða batteríin að sögn Sólveigar.

Í lausn krossgátunnar hér að ofan er orð. Vinsamlegast látið kennitölu fylgja og skrifðu „krossgáta“ utan á umslag. **Skilafrestur er til 30. apríl 2019**. Utanaskriftin er: **VR-blaðið, Kringlunni 7, 103 Reykjavík**. Einnig er hægt að senda
lausnina á krossgata@vr.is Vinsamlegast athugið að næsta krossgáta í VR blaðinu verður ekki fyrr en að ári, í fyrsta
tölublaði ársins 2020.

TILBOÐ TIL FÉLAGSMANNA VR

Hér að neðan má finna sérstök tilboð til félagsmanna VR gegn framvísun félagsskírteinis. Gildir ekki með öðrum tilboðum. Félagsskírteini VR er staðfesting á aðild félagsmanns að félaginu og veitir auk þess ýmis konar afslætti. **Félagsskírteinið er rafrænt og er aðgengilegt á Mínum síðum.** Fleiri tilboð má sjá á vr.is.

FLÜGGER

Hvað: 15-30% afsláttur af málningu, 10-15% afsláttur af málningarverkfærum og öðrum vörum. Gildir ekki af tilboðsvörum.

Hvar: Allar verslarnir Flügger

Hvenær: Alla daga

Gildir til: Ótímabundið



WORLD CLASS ICELAND

Hvað: 2 fyrir 1 í baðstofu

Hvar: World Class Laugum

Hvenær: Alla daga

Gildir til: Ótímabundið



STILLING

Hvað: 5-15% afsláttur af vörum. Gildir ekki af tilboðsvörum.

Hvar: Allar verslarnir Stillingar

Hvenær: Alla daga

Gildir til: Ótímabundið



JOHANSEN DELI 2 fyrir 1

Hvað: 2 fyrir 1 af öllum heitum drykjum.

Hvar: Johansen Deli, Þórunnartúni 2, 105 Reykjavík

Hvenær: Alla daga

Gildir til: Ótímabundið



EFNALAUGIN BJÖRG

Hvað: 15% afsláttur af allri hreinsun og þvotti.

Hvar: Efnalaugin Björg, Háaleitisbraut 58-60, 108 Reykjavík

Hvenær: Alla daga

Gildir til: Ótímabundið



ATLANTSOLÍA

Hvað: 9 kr. afsláttur á valdri AO stöð en 7 kr. annars staðar.

Hvar: Öllum stöðvum Atlantsólía

Hvenær: Alla daga

Gildir til: Ótímabundið



ORKAN

Hvað: 20 kr. afsláttur fyrstu tvö skiptin. 16 kr. á afmælisdaginn. 20-40% afsláttur af kaffi á þjónustustöðvum. 10-15% afsláttur af bílatengdum vörum.

Hvar: Öllum stöðvum Orkunnar

Hvenær: Alla daga

Gildir til: Ótímabundið



MJÖLNIR

Hvað: Mánaðarkort í Gryfjuna á 5.900 kr. í stað 7.900 kr.

Hvar: Mjólnir, Flugvallarvegur 3-5, 101 Reykjavík

Hvenær: Alla daga

Gildir til: 31. maí 2019



WHALES OF ICELAND

Hvað: 2 fyrir 1 á sýningu.

Hvar: Whales of Iceland

Hvenær: Alla daga

Gildir til: Ótímabundið



VINNUR ÞÚ HJÁ FYRIRTÆKI ÁRSINS 2019?



Hvað er vel gert innan fyrirtækisins? · Hvað finnst þér um fyrirtækið? · Finnur þú fyrir stolti og ánægju í starfi?

Nýttu tækifærið til að hafa áhrif

Þátttaka þín í könnun VR um Fyrirtæki ársins er mikilvæg, bæði fyrir þig og aðra starfsmenn fyrirtækisins. Notaðu tækifærið og segðu stjórnendum fyrirtækisins hvað er vel gert og hvað má betur fara.

FYRIRTÆKI ÁRSINS 2019

Könnunin hefur verið send til þín – taktu þátt!